

Höfum opnað
verslun í Ljóninu

Skeiði 1 • Sími 456 4566



Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is





Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 10. maí 2007 • 19. tbl. • 24. árg.



Möguleikarnir eru til staðar á Vestfjörðum

– er ferðapjónustan hinn nýi þorskur Vestfjarða? Sjá viðtal í miðopnu við Mýraboltamanninn Jón Pál Hreinsson, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Vestfjarða og formann Tónlistarfélags Ísafjarðar



Var orðinn hundleiður

Sjávarútvegsráðherra vongóður

Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, segist vongóður um að það takist að tryggja áframhaldandi rekstur rækjuverksmiðju Bakkavíkur. „Vandinn núna er að stærstu leyti rekstrarlegur vandi í rækjuíðnaði. Til lögur Vestfjarðanefndarinnar um að frysta afborganir og vexti lána rækjuverksmiðjanna í landinu hjá Byggðastofnun eru í vinnslu og ég trúi því að þær aðgerðir, ásamt aðgerðum stjórnenda Bakkavíkur muni stuðla að því að rekstur haldi áfram þegar hráefnisöflun hefur verið tryggð.“ Einar leggur áherslu á að enginn kvóti fór úr bænum við sölu á Rekavík, heldur hafi dugmiklir menn í Bolungarvík keypt hann og að þeir séu að



Fjölmenni var á borgarafundinum sem haldinn var í Bolungarvík á sunnudag.

stækka fiskvinnslu sína. Aðspurður hvort að tilstandi að leggja af línu ívilnun eins og Kristinn H. Gunnars-

son hélt fram á fundinum í Bolungarvík segir Einar ekkert til í því. „Það er pólitískur lygaáróður sem ég vísa til föð-

urhúsanna og leiðinlegt að einhver hafi svo lélega pólitíska stöðu að nauðsynlegt reynist að skrökva að fólki.“

Sjá nánar frétt á bls. 3 um fjölmennan borgarafund um atvinnumál í Bolungarvík sem haldinn var á sunnudag.

SAGÐI BANKANUM SÍNUM UPP!

Ætlar að reyna við Sparisjóðinn

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálfyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfrir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt fyrir okkur



EIMSKIP
flytjandi

Fyrirskala | 400 Ísafirði | Sími 525 2890 | Fax 525 2899 | www.flytjandi.is

Dagurinn í dag

10. maí 2007 – 130. dagur ársins

Þennan dag árið 1940 var breskt herlið sett á land í Reykjavík. Allmargir þjóðverjar voru handteknir, meðal annars Gerlach ræðismaður. Í hernámsliði Breta voru rúmlega 25 þúsund menn þegar mest var. Bandaríkjamenn tóku að sér hververnd landsins, ásamt Bretum, 7. júlí 1941.



ORKUBÚ
VESTFJARÐA hf

Útboð

Orkubú Vestfjarða óskar eftir tilboðum í viðhaldsverk utanhúss á Rafstöðvarhúsinu og minniháttar aðgerðum á íbúðarhúsinu í Engidal.

Helstu verkþættir eru endurnýjun á hluta af gluggum og gleri, smíði og ísetning á vörhurð og lagfæringar á gluggum og opnanlegum fögum. Einnig háprýstipvottur allra útveggja, viðgerðir á steypuskemmdum og málun hússins að utan auk ýmissa smærri verka við stöðvarhúsið, pípusstokk og pípufestu sem staðsett eru við húsið.

Flatarmál veggja stöðvarhússins að utan og þeirra fylgihluta sem mála á eru 600m². Verklok eru áætluð 15. september 2007.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, Ísafirði frá og með mánudeginum 14. maí 2007. Tilboð verða opnuð á sama stað föstudaginn 25. maí 2007, kl. 11:00.

Orkubú Vestfjarða ohf.,
Stakkanesi 1, Ísafirði

Tilboð óskast

Tilboð óskast í fjölbýlishúsið að Múlandi 14 á Ísafirði. Í húsinu eru 10 íbúðir í útleigu.

Afstaða til tilboða verður tekin 14. maí nk. Frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu okkar.

Fasteignasala Vestfjarða
Hafnarstræti 19, Ísafirði
Sími 456 3244 – eignir@fsv.is
www.fsv.is



Lagermaður

Bílaverkstæði SB óskar eftir lagermanni. Viðkomandi hefur umsjón með lager, sér um tímapantanir og aðstoðar við smurþjónustu og smærri verkefni. Æskilegt er að viðkomandi sé með meirapróf og vinnuvélaréttindi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Sigurlaugur í síma 892 2079 og Stefán í síma 456 3379.

Leita vitna að ofbeldisbroti

Lögreglan á Vestfjörðum er með til rannsóknar ofbeldisbrot, sem átti sér stað á rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, aðfaranótt sunnudagsins 8. apríl sl, um kl.02:00. Atburðurinn er talinn hafa átt sér stað við og inni á einu færanlegu salernanna sem voru staðsett á tónleikasvæðinu. Lögreglan leitar karlmanns sem klæddur var íslenskri lopapeysu með bekk. Maðurinn er talinn vera 170 til 180 cm. á hæð. Brotið sem um ræðir mun hafa beinst gegn ungru stúlkunni sem var gestur á hátíðinni. Þeir sem geta gefið upplýsingar um málið eru hvattir til að hafa samband við rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum í síma 450 3733 eða 450 3730.

Rannsóknaverkefni Mátis, HG og Álfsfells hf gefur góða raun

Mjög áhugaverðar niðurstöður eru að koma úr rannsóknaverkefni Mátis á Ísafirði um áhrif ljósabúnaðar á vaxtarskilyrði þorsks í eldiskvíum. Rannsóknin er samstarfsverkefni Mátis, Hraðfrystihússins Gunnvarar og Álfsfells á Ísafirði, Háskólans í Stirling og Johnsens Seafarms í Skotlandi, Intravision Group, Haf-rannsóknastofnunarinnar í Bergen og Fjord Marin í Noregi og Landbúnaðarháskólans í Lundi í Svíþjóð. Auk þess tekur Vaki DNG þátt í verkefninu. Dr. Þorleifur Ágústsson, verkefnastjóri hjá Mátis á Ísafirði, segir að mjög mikilvægt sé að geta komið í veg fyrir kynþroska hjá þorski í eldi.

Þegar þorskur verði kynþroska hætti hann að vaxa svo að eldistími lengist með tilheyrandi kostnaði fyrir eldis-

aðila. Þá sé vitað að þorskur hrygnir í sjókvíunum og því megi telja að frjóvguð hrogn berist út í umhverfið en þó beri að taka fram að ekki hafi verið sýnt fram á neikvæða blöndun erfðafnis og slíkar rannsóknir séu ennþá á byrjunarreit. Þá sé hér stigið mjög mikilvægt skref í þá átt að gera eldi að umhverfisvænum iðnaði með bættri nýtingu fæðurs sem leiðir til þess að minna fæður fellur til botns undir kvíum. „Samhlíða þessum rannsóknnum vinnur Mátis ásamt samstarfsaðilum að viðtækum rannsóknnum á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis með það að markmiði að auka sjálfbærni þorskeldis, sem þýðir að ekki sé gengið á auðlindina,“ segir Dr. Þorleifur Ágústsson.

„Hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru og Álfsfelli vinna menn

með áratuga reynslu af sjómennsku. Samstarfsaðilar okkar í Skotlandi og Noregi hafa lent í allskonar vandræðum með kvíarnar og ljósabúnaðinn en þeir sem sjá um kvíarnar okkar eru útsjónarsamir og reynslumiklir menn sem leysa öll praktísk vandamál sem koma upp“, segir Þorleifur.

Þorleifur segir að mjög mikilvægt sé fyrir greinina að ná fæðurkostnaði niður, en hann er í dag um 70% af rekstrarkostnaði í þorskeldi. Niðurstöður benda til að hægt sé að hvetja vöxt og hægja á kynþroska hjá þorski í sjókvíaeldi. Þessar niðurstöður eru nýnæmi og mikilvægar í þeirri þróun sem á sér stað í þorskeldi í heiminum en þær geta stuðlað að því að eldistími styttest, fæðurnýting batni og þorskeldi geti orðið hag-

kvæmara

„Þegar fylgst er með umræðu í Evrópu um fiskeldi kemur í ljós að almennt er talið að þorskeldi komi til með að verða næsta stóra eldisgreinin á eftir laxeldi. Því er spáð að árið 2010 verði framleiðsla Evrópuþjóða á eldisþorski komin í um 175.000 tonn sem eru að markaðsvirði á um 880 milljónir evra. Því leggja framleiðendur mikla áherslu á að skilgreina og leysa þau vandamál sem geta haft áhrif á þróun iðnaðarins, en eitt af þeim vandamálum er kynþroski hjá eldisþorski,“ segir Þorleifur.

Ennfremur má segja að niðurstöðurnar séu áhugaverðar fyrir þær sakir að orkuverð er lágt á Íslandi og því er hér um raunverulegan valkost að ræða fyrir íslenska eldisaðila.

– smari@bb.is

Núpur verði nýttur sem meðferðarheimili barna og ungmenna

Bæjarfulltrúar Í-listans í Ísafjarðarbæ vilja að héraðsskólinn að Núpi verði nýttur fyrir starfsemi sem lýtur að meðferð barna og ungmenna. Tillaga Í-listans um málið var samþykkt einróma á bæjarstjórnarfundum og var bæjarráði falið að ganga til viðræðna við stjórnvöld, um að kanna möguleika á því að nýta Núps-skóla fyrir starfsemi af þessu tagi. Ljóst þykir að þörf fyrir aukin úrræði fyrir börn í vanda er fyrir hendi, þar sem biðlistar eru verulegir. Lagt er til að þau börn sem þurfa framhaldsmeðferð gætu vistast að Núpi og lokið meðferð sinni þar. Með því myndi rýmka um á öðrum stofnunum, betur yrði hægt að sinna bráðveikum einstaklingum og fækka einstaklingum á biðlista.

Í greinargerð Í-listans segir m.a. að á Núpi séu kjöraðstæður til að sinna meðferð barna í vanda. Mannvirki séu til staðar, auk þess sem náttúruferð svæðisins er mikil og kyrrlát umhverfi. Þá segir einnig að þörf sé á fjölbreytni í atvinnulífi á Vestfjörðum. Stofnun sem rekin væri hér á svæðinu í anda mannúðar og uppbyggingar með ákveðna uppeldisstefnu og markmið að leiðarljósi gæti hentað mjög vel og styrkt innviði samfél-



Núpur í Dýrafirði.

lagsins.

Greinargerð Í-listans í heild sinni:

„Að Núpi í Dýrafirði eru kjöraðstæður til að sinna meðferð barna í vanda. Náttúruferð er mikil, þar er kyrrlát umhverfi og mannvirki til staðar. Núpskóli gæti því vel komið til greina fyrir slíka starfsemi.

Þörfin fyrir aukin úrræði fyrir börn í vanda er fyrir hendi,

þar sem biðlistar eru verulegir og ekki hægt að sinna öllum þeim börnum er þarfnast aðstoðar. Hugsanlegt er að þau börn sem þurfa framhaldsmeðferð gætu vistast að Núpi og lokið meðferð sinni þar. Með því myndi rýmka um á öðrum stofnunum, betur yrði hægt að sinna bráðveikum einstaklingum og fækka einstaklingum á biðlista.

Þörf er á fjölbreytni í at-

vinnulífi á Vestfjörðum. Stofnun sem rekin væri hér á svæðinu í anda mannúðar og uppbyggingar með ákveðna uppeldisstefnu og markmið að leiðarljósi gæti hentað mjög vel og styrkt innviði samfélagsins.

Með því að flytja hluta meðferðarstarfsemi fyrir börn og ungmenni á Núp skapast mörg sérhæfð störf til uppbyggingar atvinnulífs á Vestfjörðum.“

Tveir vélarvana bátar í Skutilsfirði

Tveir stangaveiðibátar urðu vélarvana rétt norðan við Arnarnes í Skutilsfirði í síðustu viku og var einn maður í hvorum báti. Þegar annar báturinn varð vélarvana tók hinn hann í tog, en þá vildi ekki betur til en að sá varð einnig vélarvana. Tilkynning um þetta barst Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson frá Ísafirði fór strax á staðinn og var kominn með báða bátana í tog skömmu síðar. Komið var með bátana til hafnar á Ísafirði.

Meirihluti hlynntur olíuhreinsistöð

62% landsmanna eru hlynntir olíuhreinsistöð á Vestfjörðum og 38% andvígir samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði á dögnum. Rúm 80% þeirra sem svöruðu könnuninni höfðu séð eða heyrt hugmyndir um að koma á fót olíuhreinsistöð í fjórðunginum. 20,4% voru mjög hlynntir hugmyndinni, 23,3% frekar hlynnt henni, 29,5% hvorki andvíg né hlynnt, 9,7% frekar andvíg og 17% mjög andvíg henni. Málið hefur vakið mikla athygli síðan greint var frá því að íslenskir og rússneskir athafnamenn væru langt komnir með hugmyndir um að reisa olíuhreinsistöð á Vestfjörðum. Náist samvinna við stjórnvöld gæti stöðin risið á næstu fjórum árum og þar skapast rúmlega 500 störf.

Atvinnuhorfur ræddar fjölmennum borgarafundi í Bolungarvík

Fjölmennur borgarafundur um horfur í atvinnumálum í Bolungarvík var haldinn í ráðhúsinu í Bolungarvík á sunnudag. Til fundarins var boðað eftir að Bakkavík sagði upp 48 starfsmönnum fyrir stuttu. Á fundinum mætti fulltrúar allra flokka sem bjóða fram í Norðvesturkjördæmi. Það var Guðmundur Halldórsson, fyrrverandi formaður smábátafélagsins Eldingar, sem stóð fyrir fundinum og var hann ómyrkur í máli er hann lýsti ástandinu í Bolungarvík sem hann kennir fiskveiðastjórnunarkerfinu um.

Anna G. Edwardsdóttir, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur flutti framsögu á fundinum og lýsti hún yfir miklum áhyggjum á horfum í atvinnumálum Bolvíkinga. Fundinn sóttu einnig Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegráðherra, Kristinn H. Gunnarsson frá Frjálslynda floknum, Pálína Vagnsdóttir frá Íslands-hreyfingunni, Karl V. Matthiasson og Jóhann Ársælsson frá Samfylkingunni og Jón Fanndal frá Vinsti Grænum en Jón Bjarnason, efsti maður á lista VG, var veðurtepptur og komst því ekki.

Fundurinn snerist að miklu leyti um málefni fiskvinnslu og útgerðar og beindust spjót-

in því að Bolvíkingnum Einari Kristni Guðfinnssyni. Fram kom í máli Einars að erfiðleikar í rækjuvinnslu séu mjög miklir og samdráttur hafi verið gríðarlegur á síðustu árum.

Bakkavík hefur um árabil rekið eina fullkornustu rækjuverksmiðju landsins auk þess að vera í bolfiskvinnslu. Bakkavík seldi fyrir skömmu hlut sinn í útgerðarfélaginu Rekavík til að létta á skuldastöðu fyrirtækisins sem er orðin mjög erfið eftir langvarandi erfiðleika í rekstri rækjuverksmiðjunnar. Salan á hlutnum í Rekavík verður til þess að óvissa skapast í hræfnisöflun Bakkavíkur fyrir fiskvinnsluna og því var 48 starfsmönnum sagt upp. Á borgarafundinum lagði Einar Kristinn áherslu á að það voru heimamenn sem keyptu hlutinn í Rekavík og því færu engar aflaheimildir úr bæjarfélaginu.

Einar sagði að stjórnvöld gerðu sér grein fyrir erfiðleikum rækjuvinnslunnar á Íslandi og vísaði í tillögur Vestfjarðanefndarinnar um að frysta afborganir og vexti lána rækjuverksmiðja hjá Byggðastofnun í fimm ár.

Kristinn H. Gunnarsson sakaði stjórnvöld um að hafa ekki pólitískan vilja til þess



Bolvíkingar og nærsveitamenn fjölmennu til fundarins.

að snúa þróuninni við og sagði þau skorta bæði vilja og þor til að taka á vandamálum. Þá sagði Kristinn að til stæði að leggja af línuvílun og vísaði í ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um að einfalda eigi kvótakerfið.

Línuvílun er mjög mikilvæg fyrir smábátaiutgerð í Bolungarvík og hleypur verðmæti hennar fyrir bæjarfélagið á hundruðum milljónum

króna. Sjávarútvegsráðherra sagði að ekki stæði til að leggja línuvílun af og lýsti sig algjörlega mótfallinn því.

„Þegar atvinnufélagið er ekki til staðar eins staðan er í sjávarútveginum þá munu sjávarbyggðir eins og Bolungarvík eiga mjög erfitt með að blása til sókna. Nýliðun í greininni er mjög erfið og næsta ómöguleg miðað við verð á kvóta í dag“, sagði

Kristinn H. Gunnarsson. Að mati Kristins mun engin önnur atvinnugrein koma í stað sjávarútvegs fyrir byggðarlög eins og Bolungarvík.

Guðmundur Halldórsson, sá er blés til fundarins, sagði í samtali vera ánægður með fundinum og lýsti yfir ánægju með að atvinnumál Bolvíkinga séu rædd með málefnalegum hætti. „Ég vona að það sem kom fram á fundinum og

þær spurningar sem þingmenn og þingmannsefni fengu verði þeim gott vegarnesti inn á þing. Það er nauðsynlegt að ræða málin og vekja athygli á ástandinu eins og það blasir við okkur Bolvíkingum.“

Engar haldberar tillögur komu fram á fundinum aðrar en þær sem komu fram í skýrslu Vestfjarðanefndarinnar en stofnun háskóla á Vestfjörðum var mörgum ofarlega í huga.

Hagnaður Óbeislaðrar fegurðar hálf milljón

Aðstandendur óhefðbundnu fegurðarsamkeppninnar Óbeislaðrar fegurðar afhentu fulltrúum Sólstafa, systursamtaka Stígamóta á Vestfjörðum, ágóðann sem varð af keppninni, 497.000 krónur, á kaffihúsinu Langa Manga á laugardag. Óbeisluð fegurð, sem haldin var á Ísafirði í apríl, var létt ádeila á fegurðarstaðla nútímans og var markmið keppninnar fyrst og fremst að vekja athygli á að fegurð er afstæð, auk þess sem hún styrkti góðan málstað. Vakti keppnin mikla athygli bæði hér á landi og erlendis.

Við afhendinguna sagði Matthildur Helgadóttir, einn skipuleggjandi keppninnar, að þakka mætti keppendum, bæjarbúum og fyrirtækjunum á svæðinu fyrir að svo vel

tókst til. „Við hefðum ekki getað haldið þessa uppákomu án skilnings og velvilja fyrirtækjanna hér á svæðinu. Að ekki sé minnst á alla þá einstaklinga sem gáfu vinnu sína.“ Einnig hafði hún á orði að það væri þeim mikill heiður og ánægja að geta lagt Sólstöfum lið, því mikið og þarft starf væri óunnið hjá hetjum samtakanna.

Lögð var áhersla á að keppendur fengu veglega vinninga ber þá fyrst að nefna Ferðabjónustuna Reykjanes sem gaf handhafa titilsins Óbeislaðrar Fegurðar 2007 tvær gistinætur fyrir tvo í Reykjanesi, en vinningshafinn Ásta Dóra Egilsdóttir vildi frekar fá gistingu í Reykjanesi en utanlandsferð. Einnig voru vinningar í boði; Diva, Ametyst, Lyfja, Konur

og Menn og Hárkompaní, Naglagerð Betu, Hótel Hellisandur, Við Fjörðinn og Veggisting, Vesturferðir, KNH, sr. Valdimar Hreiðarsson, Nudd og Ráðgjafasetrið, Nói Sirius og Góa, Hamraborg, Natan og Olsen, Íslandssaga, BT, Netheimar, Rammagerðin, Efnalaugin Albert, Penninn, Esso Birkir, Barði Öundurson, Málningarbúðin Ísafirði og Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar.

Sparisjóður Vestfirðinga, Síminn, Gullauga, Húsasmíðjan, VÍS, Hafnarbúðin og KNH gáfu Óbeislaðri Fegurð fjárupphæðir til að standa straum af kostnaði. Þar að auki gaf V-Dagurinn á Íslandi Sólstöfum peningagjöf. Eftirfarandi fyrirtæki lögðu framtakinu einnig lið: Snerpa, 3X Techno-



Skipuleggjendur og keppendur Óbeislaðrar fegurðar ásamt fulltrúum Sólstafa.

logy, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Hótel Ísafjörður, Flugfélagi Íslands, H. V Umboðs-

verslun, Emmess ís, Bakarinn, Langi Mangi, H-Prent, Vífílfell, Jón og Gunna, Hafnar-

búðin, Blómaturninn og Efnalaugin Albert.

– thelma@bb.is

Magnús Stefánsson
Sverker StefánssonValdimar Sigurjónsson
BorgarbyggjafélagHerdís Á. Samundardóttir
SkagafellSvanlaug Guðnadóttir
Ísafirði

Það eru tækifæri til framfara

Við höfum þekkingu og reynslu til að vinna. Við hræðumst ekki erfið verkefni og bjóðum okkur fram til að leysa þau. Við blekkjum ekki með dýrum loforðalistum, við setjum fram ábyrgja stefnu.

Við viljum:

- Að fullgildur háskóli verði á Ísafirði.
- Að enn frekar verði flýtt vegaframkvæmdum á Vestfjörðum.
- Efla embætti sýslumanna á Vestfjörðum t.d. með fjölgun starfa á vegum Tryggingastofnunar.
- Vinna áfram með tillögur okkar um lækkun flutningskostnaðar en því miður hafnaði fjármálaráðuneytið þeirri tillögu við vinnslu nýju Vestfjarðaskýrslunnar.

Við ÆTLUM að VINNA af ábyrgð að þessum stefnumálum fyrir ÞIG.

framsokn.is/nordvestur

Framsókn



Fríðrik Friðriksson stjórnarformaður
AVS kynnti starfsemi sjóðsins og markmið.

Úthlutað úr AVS sjóðnum

Tilkynnt var um úthlutanir úr AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi á fimmtudag. Úthlutanirnar voru kunnngjörðar á hádegisfundi í húsnæði 3X Technology á Ísafirði. Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Fríðrik Friðriksson stjórnarformaður AVS kynntu starfsemi sjóðsins og markmið. Í ræðu Einars Kristins kom fram að frá stofnun sjóðsins hafi verið úthlutað 900 milljónum króna til rannsóknaverkefna í sjávarútvegi. Þá kom fram í máli ráðherra að ef tekið sé í reikninginn mótframlag fyrirtækja í sjávarútvegi og fyrirtækja í nýsköpun megi varlega áætla að velta verkefnanna sé meiri en tveir milljarðar króna.

Að loknu erindi Einars fluttu Kristján Jóakimsson frá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru og Jóhann Jónasson og Albert Högnason frá 3X Technology erindi um nýsköpun í þeirra fyrirtækjum og greindu frá samstarfi sínu við sjóðinn. Fram kom í máli þeirra að nýsköpun og framþróun séu lykilatriði í framtíðarsýn fyrirtækjanna. Bæði HG og 3X fengu úthlutanir úr sjóðnum. HG fékk styrk í rannsóknastarf sitt í þorskeldi og 3X verkefni sem nefnist Vinnsluferill línuveiðiskipa.

AVS veitir styrki til verkefna sem snúa að fiskeldi, líftækni, markaðssetningu í sjávarútvegi, veiðar, vinnslu, búnaði og gæðamálum. Fyrir árið 2007 var sjóðnum falið að úthluta sérstaklega til markaðsátaks bleikjuafurða og til kynbóta í þorskeldi. Þessu fylgdi viðbótarfjármagn svo heildarástöðfunarfé sjóðsins er nokkuð hærra en undanfarin ár eða samtals 254 milljónir kr.

Umsóknarfrestur var 1. febrúar s.l. og bárust sjóðnum 114 umsóknir þar sem sótt var um rúmlega 500 milljónir kr. Á vegum sjóðsins starfa fjórir faghópar sem í starfa 35 manns og lögðu þessir aðilar faglegt mat á umsóknirnar sem lagt var til grundvallar við úthlutun. Í langflestum tilfellum er hvert verkefni samstarfsverkefni margra aðila og mjög algengt er að í verkefnum vinni saman fyrirtæki, rannsóknastofnanir og háskólar. Sjóðurinn hefur því skapað vettvang fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi til að afla sér nýrra þekkingar með aðstoð vísindafólks. Flest vinnslufyrirtæki í sjávarútvegi eru staðsett út á landi og hefur því sjóðurinn komið beint að því að styrkja stöðu þeirra með öflugu þróunar- og rannsóknastarfi.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

DEILDARSTJÓRI ÍSAFIRÐI

Staða deildarstjóra hjá umferðarþjónustu Vegagerðarinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra.

Starfssvið

- Skipulagning og framkvæmd upplýsingagjafar um færð og ástand vega
- Umsjón með símsvörum
- Umsjón með auglýsingum og tilkynningum til fjölmiðla
- Útgáfa bæklinga og leiðbeininga
- Skráning og úrvinnsla gagna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf (90 einingar)
- Æskileg reynsla á fjölmiðla- eða ferðamálasviði
- Góð tungumálakunnátta
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (auður.bjarnadottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



99 kr/stk
Verð áður 141 kr/stk
90 gr. Nautahamborgarar úr kjötbörði*

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 10. maí - 13. maí



1.029 kr/kg
Verð áður 1.478 kr/kg



Grisakótilettur
Mediterranean



1.319 kr/kg
Verð áður 1.657 kr/kg

20%
afsláttur



Ofnsteik með
dönskum blæ



395 kr/kg
Verð áður 609 kr/kg

35%
afsláttur

Matfugl
kjúklingaleggir
magnkaup



817 kr/kg
Verð áður 1.021 kr/kg

20%
afsláttur



Blandað hakk



99 kr
Verð áður 149 kr

Hunt's
tómatsósa
680 gr.



169 kr
Verð áður 243 kr

Lay's salted
og papriku
200 gr.



139 kr
Verð áður 189 kr

Kappi
kakómjók
3 í pakka



129 kr
Verð áður 187 kr

Ostastjörnur
90 gr.



109 kr/kg
Verð áður 179 kr/kg
Vatnsmelóna

159 kr/kg
Verð áður 234 kr/kg
Sellery

Samkaup *úrval*

2.830 einstaklingar á kjörskrá

Alls eru 2.830 einstaklingar á kjörskrá í Ísafjarðarbæ fyrir komandi alþingiskosningar. 1.431 karl er á kjörskrá í sveitarfélaginu og 1.399 konur. Á Ísafirði eru 2.187 á kjörskrá, 1.089 konur og 1.098 karlar. Sú breyting verður í kosningunum 12. maí að kosið verður í íþróttahúsinu á Torfnesi í öllum kjördeildum í stað Grunnskólans á Ísafirði. Á Suðureyri eru 168 á kjörskrá, 80 konur og 88 karlar. Kosið verður í félagsheimilinu á staðnum. Á Flateyri eru 200 á kjörskrá, 84 konur og 116 karlar. Kosið verður í Grunnskólanum á Flateyri. Á Þingeyri eru 275 á kjörskrá, 146 konur og 129 karlar. Kosið verður í félagsheimilinu á staðnum.

Ritstjórnargrein

Hversu lengi geta Bolvíkingar beðið?

Guðmundur Halldórsson, fyrrum formaður smábátafélagsins Eldingar og Vestfirðingur ársins 2001, blés til fundar í ráðhúsi Bolungarvíkur á sunnudaginn til að ræða atvinnuástandið í bænum. Sem vænta mátti talaði Guðmundur tæpitungulaust er hann lýsti aðstæðum Bolvíkinga. Fór ekki á milli mála hverju um væri að kenna: fiskveiðistjórnarkerfinu.

Fundurinn í Bolungarvík snerist að mestu um málefni fiskvinnslu og útgerðar enda ekki við öðru að búast á stað þar sem líf íbúanna hefur mann fram af manni snúist um fiskveiðar og vinnslu sjávarfangs. Það gefur því auga leið að þegar fólk á slíkum stöðum horfist skyndilega í augu við að mega ekki lengur nýta áunninn, aldagamlan rétt til sjálfsbjargar þá fer meira en lítið úrskæiðis.

Vestfirðingar höfðu lengi þá sérstöðu í fiskveiðum að megin uppistaðan í aflanum var þorskur. Svo því sé haldið til haga þá kom langtímum saman um þriðjungur verðmætis útflutnings á Bandaríkjamarkað frá Vestfirðum fyrir daga kvótakerfisins. Það segir sig því sjálf að við upphaf kerfisins þegar þorskvótanum var dreift eftir einhverri þumalputaáferð út um allar trissur og Vestfirðingar skyldaðir til að veida 30 þúsund tonnnum minna af þorski en áður, þá hlaut að hrikta burðarsum. Og sagan endurók sig þegar Grálúðan var kvótasett. Vestfirðingar, sem verið höfðu brautryðjendur í þeim veiðum, voru settir hjá; kvótanum dreift, m. a. til útgerða sem aldrei höfðu komið nálægt grálúðuveiðum. Dómgreindarleysi stjórnvalda sýndi sig enn einu sinni í verki.

Þannig hefur hver vitleysan eftir aðra undið upp á sig í kvótakerfinu. Frjálsa framsalið og veðsetning óveidds fisk toppaði óskapnaðinn. Í viðtali við Morgunblaðið, 4. maí 1999, sagði guðfaðir kvótakerfisins, Halldór Ásgrímsson: „Við getum hins vegar ekki lítið fram hjá því að mörgum sviður það þegar aðilar fara út úr greininni með hundruð milljóna króna í hagnað. Það særir réttlætiskennnd fólks. Ég get ekki annað en viðurkennt að þetta er galli. Ég hafði aldrei gert mér grein fyrir því að veiðheimildir yrðu verðlagðar svo gífurlega hátt sem raun ber vitni.“ Hvað skyldi hann segja um verðlagið á óveiddum fiski í dag? Í kastljósi Sjónvarpsins 9. nóv. 2001, sagði þá. sjávarútvegsráðherra, Árni Mathiesen, að hann væri tilbúinn að skoða afnám framsals á kvóta. Núverandi sjávarútvegsráðherra hefur lýst því yfir að sjálfsagt sé að skoða framsalsákvæðið, sem formaður Farmanna og fiskimannasambands Íslands, segir vera undirrot flestra vandamála í greininni. Þar við situr.

Bolvíkingum er ætlað að vera þolinmóðir. Frysting vaxta og afborgana af lánunum Byggðastofnunar til rækjuverksmiðja ku vera í skoðun. Varla bjargar það miklu fyrir fyrirtæki, hverra eigið fé er að mestu brunnið upp. Meðan kvótabraskið er ekki stöðvað hangir óvissan áfram yfir íbúum sjávarplássanna. Vamarleysi þeirra er algert.

Það eru umfangsmiklar framkvæmdir af ýmsum toga í bígerð í Bolungarvík. Að hve miklu leyti þær leysa vanda fólksins í rækjuverksmiðjunni er öðrum eftirlátið um að dæma. — s.h.

Á þessum degi fyrir 21 ári

Rafeindafyrirtækið Póls hf., stofnað

Sú breyting verður nú á starfsemi Pólsins, að fyrirtækið skiptist í tvennt. Er annars vegar um að ræða rafþjónustufyrirtækið Póllinn hf., að mestu hið sama og var fram undir 1980, en hins vegar er rafeindafyrirtækið Póls hf. sem stofnað hefur verið til að taka við framleiðslustarfi Pólsins á rafeindatekjum. Ekki er að vænta þess að almenningur verði mikið var þessara breytinga a.m.k. fyrst í stað. Munurinn kemur helst fram á skrifstofu, því reksturinn verður aðgreindur.

Ástæða breytingarinnar er sú að til þess að geta staðist samkeppni á sviði rafeindaiðnaðar þarf fyrirtækið að vera stærra, og þá sér í lagi fjársterkara, en það er nú. Í alllangan tíma hafa menn velt því fyrir sér hver væri heppilegast lausn mála og m. a. í samráði við Félag íslenskra iðnrekenda komist að þeirri niðurstöðu að heppilegast myndi að stofna nýtt hluta-félag um framleiðsluþáttinn.

Ferðamannatíminn hafinn í Vigur

Fyrsta ferð Vesturferða og Sjóferða Kiddýjar og Hafsteins í Vigur var í síðustu viku en áætlun fyrirtækisins hefst í júní. Vinsælt er að fara í Vigur á þessum tíma, sérstaklega hjá starfsmannahópum og grunnskólanemum. Afar skemmtilegt er um að litast í Vigur á vorin, fuglaflíð sem eyjan er þekkt fyrir að lifna við eftir veturinn. Vigur hefur fyrir löngu skipað sér í hóp vinsælli áfangastaða ferðamanna á Vestfirðum enda skartar eyjan fjölbreyttu og sérstöku náttúruferi.




Nýkrýnd drottning Vestfarða sést hér, ásamt þegnum sínum.

Sjálfstæðir Vestfirðir á árshátíð Ísafjarðarbæjar

Árshátíð Ísafjarðarbæjar var haldin með pompi og prakt um helgina, en þema hátíðarinnar var Sjálfstæðir Vestfirðir. Páll Hólm var einn af skipuleggiendum árshátíðarinnar. „Þetta heppnaðist rosalega vel hjá okkur, þó mætingin hefði mátt vera betri. Skemmtiatriðin voru frábær, m. a. var Elfar Logi Hannesson með gamanþátt og Marta Sif Ólafsdóttir söng og spilaði fyrir okkur frumsam-in lög.“

Á meðal annarra dagskrárliða má nefna happdrætti með veglegum vinningum, m. a. gátu veislugestir unnið hjól, síma, gjafabréf í fataverslunum bæjarins og fleira. Þá voru kóngur og drottning Vestfarða krýnd, auk þess sem baráttulag sjálfstæðra Vestfarða var sungið. — tinna@bb.is



Ánægðir veislugestir.

Bolvíkingar hvetja stjórnvöld

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lýst yfir vonbrigðum með skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfirðum þar sem nokkur mikilvæg mál fá ekki næga umfjöllun. Skýrslan var til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur á miðvikudag og var þá samþykkt ályktun sem hljóðar svo: „Bæjarráð

Bolungarvíkur lýsir yfir viss- um vonbrigðum með skýrslu nefndar forsætisráðuneytisins um uppbyggingu atvinnulífs á Vestfirðum. Það er ánægju- legt að flytja eigi opinber störf í fjórðunginn en nokkur mikil- væg mál fá litla sem enga um- fjöllun í skýrslu nefndarinnar.

Fulltrúar allra sveitarstjórna á Vestfirðum hittu ríkis-

stjórnina á fundi þann 2. febr- úar sl., en þar voru brýnustu mál fjórðungsins að mati sveitarstjórnarmanna dregin fram. Samgöngur, strandsigl- ingar, tekjuskipting ríkis- og sveitarfélaga og skuldir í fé- lagslega íbúðakerfinu voru meðal tillagna sveitarstjórnar- manna en rata ekki nema að litlu leyti inn í skýrslu nefndar-

innar.

Staðan í atvinnumálum í fjórðungnum er vel kunn og fjölmargar áhugaverðar og raunhæfar tillögur liggja fyrir. Bæjarráðið hvetur stjórnvöld til að taka upp þessar tillögur og setja í framkvæmd eða gera áætlanir um það áður en gengið er til kosninga. Það er ekki eftir neinu að biða.“

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir,

símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is — Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, tinna@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125,

halldor@bb.is · Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300

eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

ÁFRAM TVO ÞINGMENN Í NORÐVESTURKJÖRDÆMI

Það gæti dugað til að fella ríkisstjórnina



Kjósum okkur nýtt fiskveiðikerfi:

50 þúsund tonn af þorski á hverju ári til leigu, þar af 20 þúsund tonn sérstaklega til byggðarlaga með neikvæðan hagvöxt, tekjur af þessari leigu renna til sveitarfélaganna.



Kjósum okkur bætтар samgöngur:

Ljúkum Barðastrandarvegi og Dýrafjarðargöngum á næstu fjórum árum til viðbótar þeim framkvæmdum sem þegar hafa verið samþykktar.

Kjósum okkur Háskóla á Ísafjörð

- Atvinnufrelsi í sjávarútvegi eflir byggðirnar
- Lækkum skuldir heimilanna - afnemunum verðtrygginguna
- 150 þús. kr. Skattleysismörk fyrir þá tekjulægstu

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð



Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

Silfurtorg 1 | Ísafjörður | sími: 456 3027

HG kvótahæsta útgerðin á Vestfjörðum

Hraðfrystihúsið Gunnvör er þrettánda kvótahæsta útgerð á landinu miðað við þorskígildi, með 10.990 þig-tonn, og sú kvótahæsta á Vestfjörðum. Önnur kvótahæsta útgerðin á Vestfjörðum er Fiskvinnslan Kambur á Flateyri, en hún er í 33. sæti á landsvísu, með 2.269 þig-tonn. Fast á hæla Kambs fylgir Oddi á Patreksfirði, í 34. sæti á landsvísu, með 2.251 þig-tonn. Jakob Valgeir ehf. í Bolungarvík er í 38. sæti, með 1.803 þig-tonn. Í 52. sæti á landsvísu, og fimmta kvótahæsta útgerð Vestfjarða er Guðbjartur ehf. í Bolungarvík, með 1.091 þig-tonn. Rekavík ehf. í Bolungarvík er í 58. sæti með 1.016 þig-tonn. Þórsberg ehf. á Patreksfirði er 71. sæti með 715 þig-tonn og Frosti í Súðavík rekur lestina, í 93. sæti með 459 þig-tonn.



Leggst gegn hugmyndum um að leggja ÖV undir Landsvirkjun

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggst gegn hugmyndum um að leggja eignarhluta ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik til Landsvirkjunar. Í febrúar var lagt fram frumvarp til laga um að gera Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að dótturfélagum Landsvirkjunar, bæði til að ná fram hagræðingu og til að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar.

Á síðasta bæjarstjórnarfundum lagði Svanlaug Guðnadóttir fram tillögu að svohljóðandi bókun: „Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggst gegn hugmyndum um að leggja eignarhluta ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik til Landsvirkjunar.“ Bókunin var samþykkt með öllum atkvæðum í bæjarstjórn.

– thelma@bb.is



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Útibú Hafrannsóknstofnunarinnar á Ísafirði stækkar

Í tengslum við störf nefndar forsætisráðherra um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum sem nýlega birti skýrslu sína lagði Hafrannsóknastofnunin til að útibú stofnunarinnar á Ísafirði yrði eft. Að sögn Hjálta Karlssonar útibússtjóra á Ísafirði benti stofnunin á að í sambandi við styrkingu starfseminnar á Ísafirði væri mikilvægt að leita verkefna sem hafa skirskotun í þá

starfsemi sem fyrir er og sérstaka kosti á staðnum. Með þetta í huga lagði Hafrannsóknastofnunin til frekari uppbyggingu veiðarfærarannsóknna í útibúinu á Ísafirði ásamt hugmynd um áherslu á uppbyggingu miðlunar og rannsóknna á strandsvæðum.

Í skýrslu Vestfjarðanefndarinnar sem kom út fyrir stuttu var tekið undir tillögur stofnunarinnar. Hjalti segir það

vera ljóst að veiðarfærarannsóknir munu verða æ mikilvægari fyrir fiskveiðar Íslendinga í framtíðinni með vaxandi kröfur um lágmarks skaðsemi og mestu hagkvæmni veiða. Gangi tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar eftir mun fjölga um sjö stöðugildi í útibúinu á Ísafirði. Tvö störf verða flutt frá höfuðborgarsvæðinu og stofnunin hefur óskað eftir fjármagni í fimm

stöðugildi til viðbótar.

Í framhaldi af þessu hefur Hafrannsóknastofnunin nú auglýst stöðu sem tengist greiningum á fæðu fiska, innslætti gagna og almennri gagnasöfnun á starfssvæði útibúsins. Í samræmi við tillögur nefndar forsætisráðherra er gert ráð fyrir að frekari eflingu útibúsins eigi sér stað á næstu misserum.

– smari@bb.is



Héraðsskólinn að Núpi er til sölu hjá Ríkiskaupum.

Héraðsskólinn að Núpi til sölu

Fasteignir gamla héraðsskólans að Núpi í Dýrafirði hafa verið auglýstar til sölu. Um er að ræða heimavistararkólahúsnæði, kennslustofur, mötuneyti, sjö íbúðir, sundlaug, íþróttahús og geymslur. Innbú í mötuneyti og heimavist skólans fylgja með í kaupunum, en munir sem tengjast sögu skólans eru undanskildir. Alls eru eignirnar 4.404,5 fermetrar á stærð, en lóðin við skólann er um 6 hektarar.

Skóli fyrir unglíngva var stofnaður að Núpi fyrir

hundrað árum síðan, í janúar árið 1907, að frumkvæði séra Sigtryggs Guðlaugssonar. Tuttugu árum síðar var skólanum breytt í héraðsskóla, sem starfræktur var til ársins 1992. Hótel Edda rak sumarhótel á staðnum í áratug, en hætti rekstri í lok sumars 2004. Fyrirtækið Plan 21 rak þar sumarhótel í fyrra.

Brunabótamat eignanna er 565.525.000 kr. en fasteignamat er 72.344.000 kr. Tilboð í eignina skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10 þann 22. maí.

Meistari

Snyrtistofan Díva óskar eftir meistara í snyrtifræði til starfa.

Áhugasamir hafi samband við Krístrúnu í síma 456 0212 eða 869 8299.

STAKKUR SKRIFAR

Lokaspretturinn

Á laugardaginn ræðst hverjir sitja á Alþingi næstu fjögur árin. Þá er gert ráð fyrir stöðugleika sem ríkt hefur frá 1991. Ríkisstjórnir hafa setið út kjörtímabilið síðustu fjögur skiptin sem kosið hefur verið. Það er ekki sjálfgefið. Þriggja flokka ríkisstjórnir hafa ekki setið í fjögur ár. Kosningaráttan hefur verið bæði dauf og leiðinleg að mati flestra. Hún hefur verið fremur málefnaleg, en lituð af því að Framsóknarflokkur berst fyrir framhaldslífi. Frjálslyndi flokkurinn er á sama báti. Íslandshreyfingin er skilgetið afkvæmi hans, en heggur í foreldrið með tvennum hætti.

Ætla verður að einhverjir fyrrum fylgismenn Frjálslynda flokksins fylgi Margrétu Sverrisdóttur í Íslandshreyfinguna. Átök sem leiddu til brotthvarfs Margrétar hafa skaðað trúverðugleika móðurskipisins. Ómar Ragnarsson fagnar brátt hálfra aldar afmæli sínu sem skemmtikraftur. Fátt bendir til þess að hann fagni þingsæti. Vinstri grænir hafa verið á miklu flugi. Komið er að lendingu. Líkt og flugvélar lækka þeir flugið áður en flugbraut er náð. Margt kemur til. VG hefur skapað sér eigin bás og rær á önnur mið. Flest fólk veit að hvert ríki þarfnað varna. VG vill ekki samninga Íslands við önnur ríki til að tryggja varnir þess. VG deilir þeirri skoðun ekki með neinum. Þar með munu Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Framsóknarflokkur líta annað til þess að mynda ríkisstjórn.

Frjálslyndir eiga erfðan róður fyrir höndum. Fátt bendir til þess að neinn

úr þeirra hópi nái kjördæmakosningu. Frjálslyndi flokkurinn verður að rjúfa 5% múrinn. Kannanir veita vísbendingu um að Samfylking sækir í sig veðrið á lokasprettinum, sem bersýnilega verður Framsóknarflokkur erfiður. Hvað með þingmenn Vestfirðinga? Allar líkur benda til þess að nafnarnir Einar Kristinn og Einar Oddur nái kjöri. Afar ólíklegt er að Kristinn H. Gunnarsson sitji á Alþingi næstu fjögur árin nema Guðjóni gangi vel og ljúki þingsetu fyrir lok næsta kjörtímabils. Líkleg úrslit í Norðvesturkjördæmi verða að Samfylkingin fær 2 þingmenn, Framsóknarflokkur 2, Sjálfstæðisflokkur 3, Frjálslyndi flokkurinn 1 og VG 1. Ýmislegt er þó í stöðunni. VG gæti hlotið 2 og Framsóknarflokkur 1. Enginn veit hvernig fer. Kjósundur vita það ekki enn og könnun veitir aðeins vísbendingu. Kjósundur ráða á laugardaginn. Baráttan hefur verið of löng til að halda athygli kjósenda. Nútíma tækni gerir að verkum að fundasókn minnkar. Ríkari kröfur verður að gera til fjölmiðla. Umfjöllun í sjónvarpi hefur verið fremur leiðinleg og formið illa nýtt. Að hlusta á fólk tala hvert upp í annað er lítt spennandi. Þó vitum við að allir frambjóðendur vilja vel og ætla að gera sitt besta.

Öllu skiptir hvernig tekst til um myndun ríkisstjórnar að loknum kosningum. Við fáum að kjósa fulltrúa, ekki ríkisstjórn. Vonandi tekst vel til á sunnudaginn.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

VESTFIRÐINGAR

SÆKJUM FRAM - AÐGERÐIR STRAX! JÖFNUM AÐSTÖÐUMUN EFTIR BÚSETU

- 🐦 Jón Bjarnason er þekktur af verkum sínum og dugnaði, hann lætur sig málin varða
- 🐦 Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir á Tálknafirði er kröftugur málsvari jafnréttis, eflingar menntunar í heimabyggð og félagslegra umbóta - hún er í baráttusætinu!


Látum þau ganga í verkin með þínum stuðningi, tryggjum Vinstri grænum góða kosningu og Ingibjörgu Ingu öruggt þingsæti í kosningunum 12. maí.



Vinstrihreyfingin - grænt framboð
ALLT ANNAD LÍF!



Sakar bæjarstjórninn um tilraunir til ritskoðunar



Halldór Halldórsson.

Í tímaritinu Mannlífi sem kom út í síðustu viku birtist viðtal við Finnþóga Hermannsson, fyrrverandi forstöðumann Svæðisútvarps Vestfjarða. Í viðtalinu segir Finnþógi að Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hafi oftast en einu sinni reynt að hafa óeðlileg afskipti af umfjöllun fréttamanna Svæðisútvarpsins, nú síðast í vor í kjölfar uppsagna Marels. Gengur Finnþógi svo langt að segja Halldór reyna að ritskoða fréttir Svæðisútvarpsins. Í viðtalinu segir Finnþógi að eftir umfjöllun Svæðisútvarpsins þar sem Guðrún Sig-

urðardóttir fréttamaður leitaði álitis fólksins á götunni á tíðindunum hafi vaktstjóri Fréttastofu Sjónvarpsins haft samband við starfsfólkið vestra og sagt Halldór hafa hringt og varað við vinnubrögðum Svæðisútvarpsins.

„Ég varð óskaplega reiður og hringdi í drenginn Halldór og spurði hvað það ætti að þýða að vera með þessa tilraun til ritskoðunar. Þá varði hann sig með því að fyrirtæki almennt væru með upplýsingafulltrúa sem kæmu stefnu og álitu fyrirtækja sinna á framfæri. Hann var að sinna því embætti fyrir Ísafjarðarbæ því

hann hefði heyrt frá reyndum fréttamanni á staðnum hvaða hryllilegu vinnubrögðum við á svæðisútvarpinu værum að beita með því að leita álitis almennings. Ég áttaði mig ekkert á því hvað drengurinn var að fara og frábað mér þessi afskipti á meðan ég væri þarna við störf,“ segir Finnþógi í viðtalinu.

Finnþógi segist ekki skilja hvaða hlutverki Halldór telji sig gegna á Ísafirði og á hvaða öld hann lifir en mat Finnþóga er að Halldór telji sig eiga að stjórna umræðunni og almenningsálitinu. „Þarna var einfaldlega um að ræða atburð

sem gerðist þar sem 20 til 30 störf voru að hverfa. Það átti að reyna að þegja yfir málinu með einhverjum hætti til að varðveita ímynd bæjarins. Þetta var ekki fyrsta deila mín við bæjarstjórn en það var í kringum það þegar bensínafgreiðslumaður í Reykjavík var ráðinn í bókhald bæjarins og gengið fram hjá fjölda kvenna í bænum. Þarna var verið að forakta heimafólk. Fleiri sambærileg mál hafa komið upp hjá bænum.“

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segist aldrei hafa reynt að ritskoða umfjöllun Svæðisútvarpsins eða

nokkurra annarra fjölmiðla. Halldór segir það alrangt að hann hafi reynt að ritskoða umfjöllun Svæðisútvarpsins á nokkurn hátt. Varðandi fréttalutning af uppsögnum Marels segir Halldór það rétt að hann hafði samband við vaktstjóra fréttastofu Sjónvarpsins og komið fram ábendingum varðandi umfjöllun um atvinnumál á Vestfjörðum í víðara samhengi en einungis eftir að hafa talað fyrir daufum eyrum Finnþóga um málið. Halldór segist oft hafa samband við fjölmiðla og koma áleiðis ábendingum um það sem betur má fara og eins benda á

fréttænna hluti sem ekki ná inn í fjölmiðlana. Að þessu leyti segist Halldór ekki vera frábrugðinn þess fjölda fólks sem setur sig í samband við fjölmiðla þegar því þykir eitt-hvað vanta í umfjöllun þeirra um tiltekin mál.

Þá segir Halldór það ekkert launungarmál að sér hafi í gegnum tíðina þótt Finnþógi í sínu fréttamati og umfjöllun einblínt á það sem miður fer í samfélaginu, náttúruhamfarir,

Auglýsing

frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis um framboð við alþingiskosningar 12. maí 2007

B-listi Framsóknarflokks:


- 1. Magnús Stefánsson**, kt. 011060-3319, félagsmálaráðherra, Engihlíð 8, Ólafsvík.
- 2. Herdís Á. Sæmundardóttir**, kt. 300754-4309, framhaldsskólakennari, Eyrartúni 8, Sauðárkróki.
- 3. Valdimar Sigurjónsson**, kt. 131072-5039, viðskiptalögfræðingur, Gliststöðum, Borgarfirði.
- 4. Svanlaug Guðnadóttir**, kt. 300362-2069, hjúkrunarfræðingur, Urðarvegi 68, Ísafirði.
- 5. Margrét Þóra Jónsdóttir**, kt. 090270-3549, leikskólakennari, Vogabraut 14, Akranesi.
- 6. Helga Kristín Gestsdóttir**, kt. 250881-3479, iðjuþjálfari, Urðarbraut 4, Blönduósi.
- 7. Heiðar Þór Gunnarsson**, kt. 270578-3499, verslunarmaður, Hlíðarhúsi, Bæjarhreppi.
- 8. Kolbrún Stella Indriðadóttir**, kt. 180379-4019, sérfræðingur, Lækjarhvammi, Húnaþingi vestra.
- 9. Guðbrandur Ólafsson**, kt. 080461-4619, bóndi, Sólheimum, Búðardal.
- 10. Elínborg Hilmarsdóttir**, kt. 300158-7579, bóndi, Hrauni, Skagafirði.
- 11. Sveinn Bernóðsson**, kt. 180653-2369, vélsmiður, Skólástíg 7, Bolungarvík.
- 12. Axel Kárason**, kt. 110283-5209, háskólanemi, Ásgeirsbrekku, Skagafirði.
- 13. Svava Halldóra Friðgeirsdóttir**, kt. 271172-3549, skjalastjóri, Reykási 37, Reykjavík.
- 14. Sigurður Á. Þorvaldsson**, kt. 251180-4829, íþróttþjálfari, Laufásvegi 10, Stykkishólmi.
- 15. Bjarki Þór Aðalsteinsson**, kt. 260782-5099, framhaldsskólanemi, Jörundarholti 18a, Akranesi.
- 16. Jóhann Hannibalsson**, kt. 270754-4309, bóndi, Hanhóli, Bolungarvík.
- 17. Stefán Guðmundsson**, kt. 240532-4769, fyrrv. alþingismaður, Sauðarmýri 3, Sauðárkróki.
- 18. Ingibjörg Pálmadóttir**, kt. 180249-2659, fyrrv. ráðherra, Vesturgötu 32a, Akranesi.

D-listi Sjálfstæðisflokks:

- 1. Sturla Böðvarsson**, kt. 231145-3039, samgönguráðherra, Ásklifi 20, Stykkishólmi.
- 2. Einar Kristinn Guðfinnsson**, kt. 021255-4679, sjávarútvegsskólakennari, Vitastíg 17, Bolungarvík.
- 3. Einar Oddur Kristjánsson**, kt. 261242-2579, alþingismaður, Sólbakka, Flateyri.
- 4. Herdís Þórðardóttir**, kt. 310153-4199, fiskverkandi, Bjarkargrund 8, Akranesi.
- 5. Guðný Helga Björnsdóttir**, kt. 210569-4809, bóndi og formaður byggðaráðs, Bessastöðum, Húnaþingi vestra.
- 6. Birna Lárusdóttir**, kt. 140366-5529, forseti bæjarstjórnar, Miðtúni 23, Ísafirði.
- 7. Magnea Guðmundsdóttir**, kt. 060259-5939, húsfreyja, Varnalæk, Skagafirði.
- 8. Bergþór Ólason**, kt. 260975-4559, ráðgjafi, Bjarkargrund 24, Akranesi.
- 9. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**, kt. 041187-3879, nemi, Esjubraut 13, Akranesi.
- 10. Örvar Már Marteinsson**, kt. 180775-4479, skipstjóri, Holtabrun 6, Ólafsvík.
- 11. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir**, kt. 261066-8319, oddviti, Miðtúni 18, Tálknafirði.
- 12. Hjörtur Árnason**, kt. 040552-4059, hóteltjóri, Hamri, Borgarfirði.
- 13. Sigríður Svavarsdóttir**, kt. 260658-5739, framhaldsskólakennari, Barmahlíð 11, Sauðárkróki.
- 14. Sunna Gestsdóttir**, kt. 270676-4809, fjálsíþróttakona, Heiðarbraut 3, Blönduósi.
- 15. Guðmundur Skúli Halldórsson**, kt. 260183-3709, formaður Egils FUS, Borgarbraut 52, Borgarnesi.
- 16. Óðinn Gestsson**, kt. 150659-2999, framkvæmdastjóri, Eyrargötu 6, Suðureyri.
- 17. Jóhanna E. Pálmadóttir**, kt. 040858-5049, bóndi, Akri, Húnavatnshreppi.
- 18. Guðjón Guðmundsson**, kt. 291042-4309, framkvæmdastjóri, Leynisbraut 16, Akranesi.

F-listi Frjálslynda flokksins:

- 1. Guðjón Arnar Kristjánsson**, kt. 050744-3459, alþingismaður, Engjavegi 28, Ísafirði.
- 2. Kristinn H. Gunnarsson**, kt. 190852-7769, alþingismaður, Traðarstíg 12, Bolungarvík.
- 3. Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir**, kt. 030553-7649, menntunarfræðingur, Kirkjubraut 30a, Akranesi.
- 4. Ragnheiður Ólafsdóttir**, kt. 081042-4119, öryrki og listamaður, Jörundarholti 158, Akranesi.
- 5. Anna Margrét Guðbrandsdóttir**, kt. 090154-5599, heilbrigðis- og aðhlyningarstarfsmaður, Drekahlíð 4, Sauðárkróki.
- 6. Guðmundur Björn Hagalínsson**, kt. 020534-7969, bóndi, Brimnesvegi 22, Flateyri.
- 7. Brynja Úlfarsdóttir**, kt. 190170-5279, stuðningsfulltrúi, Bæjartúni 7, Ólafsvík.
- 8. Helgi Helgason**, kt. 090443-4299, bóndi, Þursstöðum, Borgarfirði.
- 9. Gunnlaugur F. Guðmundsson**, kt. 140766-5779, bóndi, Söndum, Húnaþingi vestra.
- 10. Lýður Árnason**, kt. 051262-2209, heilbrigðisstarfsmaður, Höfðastíg 17, Bolungarvík.
- 11. Hanna Þrúður Þórðardóttir**, kt. 020680-5719, heimavinnandi húsmóðir, Kaupvangstorgi 1, Sauðárkróki.
- 12. Páll Jens Reynisson**, kt. 061181-3939, vélaverkfræðinemi, Nauteyri 2, Hólmavík.
- 13. Sæmundur T. Halldórsson**, kt. 211061-2439, verkamaður, Vitateigi 5, Akranesi.
- 14. Dóróthea Guðrún Sigvaldadóttir**, kt. 280952-4949, verslunarverkandi, Ásum, Búðardal.
- 15. Þorsteinn Árnason**, kt. 040751-3789, vélfræðingur, Andakilsárvírkjun, Árnesi, Borgarfirði.
- 16. Þorsteinn Sigurjónsson**, kt. 150153-4419, bóndi, Reykjum 2, Húnaþingi vestra.
- 17. Rannveig Bjarnadóttir**, kt. 060946-4779, stuðningsfulltrúi, Víðigrund 15, Akranesi.
- 18. Pétur Bjarnason**, kt. 120641-3879, framkvæmdastjóri, Geitlandi 8, Reykjavík.



Finnboggi Hermannsson í kveðjuhófi er hann lét af starfi forstöðumanns Svæðisútvarpsins.

gjaldþrot og þess háttar en lát-ið hjá líða að minnst á jákvæðari hluti. Aðspurður hvað honum hafi þótt athuga-vert við fréttaflutning Svæðis-útvarpsins af uppsögnum

Marels segir Halldór að hon-um hafi í sjálfu sér ekki þótt neitt athugavert við hann en segist hafa reynt að koma því á framfæri að á sama tíma og Marel sagði upp sínum starfs-mönnum hafi ýmis fyrirtæki vestra auglýst eftir fólki, með- al annars 3-X Technology sem starfar í sama geira og Marel.

Í viðtalinu segir Finnboggi að Halldór hafi sett út á frétt þar sem Guðrún Sigurðar- dóttir fréttakona kannaði við- brögð fólksins á götunni við uppsögnum Marel. Halldór á í kjölfarið á fréttinni að hafa talað við vaktstjóra fréttastofu Sjónvarps og varað við þess- um vinnubrögðum. Halldór segir ekkert til í þessu, hann hafi ekki á nokkurn hátt sett út á þessa frétt. Þá segist hann ekki skilja af hverju honum ætti að gremjast fréttaflutning- ur af uppsögnum Marel og segir alla vita sem vilja vita að hann beitti sér hart í þessu máli og ekki talað neina tæpi- tungu. — smari@bb.is



Ýsa með sár undan gúmmíteygju

Áhöfnin á Gunnbirni ÍS fékk óvenjulega ýsu í aflann hjá sér við Straumnesbakka á dögnum. Ýsan sjálf er reyndar ekki svo óvanaleg heldur sú staðreynd að hún var með gúmmíteygju utan sig. Ekki er vitað hvort ýsan hafi synt inn í teygjuna eða þá að einhver hafi veitt hana og svo sleppt eftir að komið teygjunni utan um hana. Þó er greinilegt teygjan hefur verið utan um fiskinn í einhvern tíma þar sem myndast hafði sár undir henni.— thelma@bb.is

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag er í Hótel Borgarnesi. Talning atkvæða fer fram í íþróttahúsinu í Borgarnesi

I-listi Íslandshreyfingarinnar:

1. Pálína Vagnsdóttir, kt. 301164-4599, athafnakona, Þjóðólfsvegi 5, Bolungarvík.
2. Sigurður Valur Sigurðsson, kt. 281178-4159, ferðamálafræðingur, Keilugranda 6, Reykjavík.
3. Sólborg Alda Pétursdóttir, kt. 270162-2749, kennari, Skelja- tanga 28, Mosfellsbæ.
4. Guttormur Hrafn Stefánsson, kt. 250579-3819, bóndi, Grænumýri, Skagafirði.
5. Kristján S. Pétursson, kt. 040687-2979, nemi, Grenimel 29, Reykjavík.
6. Sigurður Grímsson, kt. 200351-2749, kvikmyndagerðarmaður, Kársnesbraut 93, Kópavogi.
7. Geir Konráð Theódórsson, kt. 150186-3589, nemi, Höfðaholti 8, Borgarnesi.
8. Stefán Friðrik Friðriksson, kt. 180882-7239, nemi, Jöklatúni 24, Sauðárkróki.
9. Guðrún Sigríður Jósefsdóttir, kt. 090564-3829, gjaldkeri, Marteinslaug 12, Reykjavík.
10. Ragnar Pétur Pétursson, kt. 210171-5339, nemi, Írabakka 20, Reykjavík.
11. Stefanía Fanney Björgvinsdóttir, kt. 220185-2819, sölu- fulltrúi, Kársnesbraut 53, Kópavogi.
12. Birkir Rafn Gíslason, kt. 310381-3149, tónlistarmaður, Suð- urmýri 6, Seltjarnarnesi.
13. Svandís Ingimundardóttir, kt. 050860-5589, stjórnsýslu- fræðingur, Laugarásvegi 5, Reykjavík.
14. Guðbjörg Þorsteinsdóttir, kt. 310561-7469, leikskólakenn- ari, Sogavegi 115, Reykjavík.
15. Jón Óskar Ágústsson, kt. 061032-4449, eldri borgari, Gils- bakka 4, Hvammstanga.
16. Pétur S. Víglundsson, kt. 280837-2109, eldri borgari, Nökkva- vogi 42, Reykjavík.
17. Halldór Hermannsson, kt. 020134-7399, skipstjóri, Mjögötu 3, Ísafirði.
18. Ragna Aðalsteinsdóttir, kt. 060225-5919, bóndi, Laugabóli, Súðavíkurbreppi.

S-listi Samfylkingarinnar:

1. Guðbjartur Hannesson, kt. 030650-3609, skólastjóri, Dalsflöt 8, Akranesi.
2. Karl V. Matthíasson, kt. 120852-7799, prestur, Miðhrauni 2, Eyja- og Miklaholtshreppi.
3. Anna Kristín Gunnarsdóttir, kt. 060152-4979, alþingismaður, Ártúni 19, Sauðárkróki.
4. Sigurður Pétursson, kt. 130658-5209, bæjarfulltrúi, Miðtúni 16, Ísafirði.
5. Helga Vala Helgadóttir, kt. 140372-2939, laganemi, Vitastíg 8, Bolungarvík.
6. Ragnhildur Sigurðardóttir, kt. 091072-4759, lektor, Álfta- vatni, Snæfellsbæ.
7. Vanda Sigurgeirsdóttir, kt. 280665-5419, lektor, Hólatúni 2, Sauðárkróki.
8. Jóhannes Freyr Stefánsson, kt. 030370-5629, húsasmiður, Ánabrekku, Borgarbyggð.
9. Bryndís Friðgeirsdóttir, kt. 041157-5509, verkefnastjóri, Hlíðarvegi 37, Ísafirði.
10. Árný Þóra Árnadóttir, kt. 250763-2479, matvælafræðingur, Urðarbraut 22, Blönduósi.
11. Einar Gunnarsson, kt. 070176-3359, kennari, Lágaholti 3, Stykkishólmi.
12. Guðmundur Theódórsson, kt. 140331-3769, heldri borgari, Húnabraut 9, Blönduósi.
13. Harpa Finnsdóttir, kt. 280574-3259, leikskólstarfsmáður, Hábrekku 10, Ólafsvík.
14. Páll Finnbogason, kt. 070782-4999, vélstjóri, Aðalstræti 87, Patreksfirði.
15. Ingigerður Jónsdóttir, kt. 220939-3409, kjötiðnaðarmaður, Ytri-Skeljabrekku, Borgarfirði.
16. Pétur Sigurðsson, kt. 181231-2389, fyrrv. formaður Verkalýðs- félags Vestfjarða, Hjallavegi 15, Ísafirði.
17. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, kt. 260935-4299, fyrrv. alþingismaður, Mýrartungu 2, Reykhólum.
18. Jóhann Ársællsson, kt. 071243-3469, alþingismaður, Vestur- götu 59b, Akranesi.

V-listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:

1. Jón Bjarnason, kt. 261243-4319, alþingismaður, Hnjúka- byggð 27, Blönduósi.
2. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, kt. 271055-2699, íþróttfræðingur, Innstu-Tungu 1, Tálknafirði.
3. Björg Gunnarsdóttir, kt. 110364-3699, landfræðingur, Túngötu 26, Hvanneyri, Borgarfirði.
4. Ásmundur Einar Daðason, kt. 291082-4249, háskólanemi og bóndi, Lambeyrum, Laxárdal.
5. Jenný Inga Eiðsdóttir, kt. 020763-4779, ljósmóðir, Víðihlið 6, Sauðárkróki.
6. Hjördís Garðarsdóttir, kt. 181079-3129, ferðamálafræð- ingur, Suðurgötu 36, Akranesi.
7. Guðmundur Hólmur Jónsson, kt. 280479-3579, tónlistar- maður, Syðsta-Ósi, Húnaþingi vestra.
8. Lárus Ástmar Hannesson, kt. 150766-4199, kennari, Nestúni 4, Stykkishólmi.
9. Jóna Benediktsdóttir, kt. 180162-5509, aðstoðarskólastjóri, Fjarðarstræti 39, Ísafirði.
10. Rósmundur Númason, kt. 160953-7999, verkstjóri, Víkur- túni 10, Hólmavík.
11. Rún Halldórsdóttir, kt. 081264-5469, lækni, Jörundarholti 178, Akranesi.
12. Halldór Brynjúlfsson, kt. 200643-4379, bifreiðarstjóri, Bøðvarsgötu 6, Borgarnesi.
13. Telma Magnúsdóttir, kt. 110383-4369, háskólanemi, Steinnesi, Húnavatnshreppi.
14. Hákon Frosti Pálmason, kt. 180984-2679, háskólanemi, Hvannahlið 6, Sauðárkróki.
15. Gunnar Njálsson, kt. 271057-4239, sjómaður, Fellasneið 14, Grundarfirði.
16. Harpa Kristinsdóttir, kt. 120769-4569, stuðningsfulltrúi, Hátúni 7, Hofsi.
17. Lilja Rafney Magnúsdóttir, kt. 240657-7919, verkakona, Hjallavegi 31, Suðureyri.
18. Jón Fanndal Þórðarson, kt. 100233-3559, verslunar- maður, Garðavegi 2, Hnífsdal.

Borgarnesi 2. maí 2007
Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

„Það sem stendur ferðapjónustu á Vestfjörðum helst fyrir þrifum er það sama og annarsstaðar á Íslandi, tímabilið hér er stutt, og jafnvel ennþá styttra en í öðrum landshlutum, því enn sem komið er koma flestir ferðamenn hingað á sumrin.“

Möguleikarnir eru til staðar á Vestfjörðum

Það er óhætt að segja að Jón Páll Hreinsson sé virkur þátttakandi í ísfirsku bæjarlífi. Nýverið tók hann við stöðu formanns í Tónlistarfélagi Ísafjarðar, hann er stjórnarmaður í Héraðssambandi Vestfirðinga og mýraboltanum, varamaður í stjórn skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar, kennari hjá Háskóla Reykjavíkur, auk þess að vera framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vestfjarða. Á dögunum opnaði markaðsstofan nýja vefsíðu, www.westfjords.is, en meginhlutverk vefsins er að kynna ferðapjónustu á Vestfjörðum. Blaðamaður BB hittir Jón Pál yfir kaffi og fékk að forvitnast um störf Jóns og áhugamál, ferðamálin og Vestfirði.

„Ég byrjaði að vinna á Markaðsstofu Vestfjarða í febrúar 2005, fór í stöðu framkvæmdastjóra en fyrri framkvæmdastjóri hafði hætt nokkrum mánuðum fyrir. Ég byrjaði þá þegar að endurskipuleggja starfið og fara í stefnumótun. Síðan er ég búinn að vinna í því að markaðssetja Vestfirði sem vörumerki fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Markmið Markaðsstofu Vestfjarða er auðvitað fyrst og fremst að fjölga erlendum ferðamönnum á svæðinu. Allar tölur um ferðamenn á Íslandi, hvort sem það eru gistinætur eða annað, benda til þess að fæstir erlendra ferðamanna koma hingað vestur. Það er jafnvel þrisvar til fjórum sinnum færri ferðamenn sem koma hingað en í aðra landshluta. Það er því mjög aðkallandi að auka komu erlendra ferðamanna hingað. Það horfir hinsvegar öðruvísi við með innlenda ferðamenn. Þegar komur þeirra til Vestfjarða eru skoðaðar, eru þær frekar svipaðar og í aðra landshluta, þ.e. Íslendingar koma ekki síður til Vestfjarða en annarra hluta landsins. Ástæðan fyrir þessu er kannski sú að Íslendingar vita mikið um Vestfirði, vita hvar þeir eru, hvernig þeir eru og af hverju Vestfirðir eru öðruvísi. Það er auðvitað eitthvað sem er innbyggjt í flesta Íslendinga, þannig geta þeir aðgreint Vestfirði frá öðrum hlutum landsins. Í hugum

þeirra eru Vestfirðir öðruvísi en aðrir hlutar Íslands, hafa sérstöðu, og þess vegna kemur hærra hlutfall íslenskra ferðamanna hingað en erlendra. Það finnst mér benda til að það þurfi að búa til einhverja sérstöðu Vestfjarða í hugum erlendra ferðamanna. Þegar erlendir ferðamenn ákveða að fara til Íslands og kynna sér hvað er í boði á Íslandi, virðast þeir sleppa Vestfjörðum allveg, og þessu þarf að breyta.“

–Hvernig ætlarðu að það megi verða?

„Núna einbeitum við okkur fyrst og fremst að nýju heimasíðunni og internetinu. Ég vann stefnumótun í samvinnu við fagráð markaðsstofu, þar sem reynsluboltar í Vestfirskri ferðapjónustu unnu óeiginlegan starf í að aðstoða mig við stefnumörkun, m.a. að heimasíðunni. Það var búin til þarfagreining fyrir heimasíðuna og þar var áherslan fyrst og fremst lögð á hvernig á að ná athygli erlendra markhópsins. Þá var mikil áhersla lögð á að hanna síðuna þannig að hún sé sniðin að leitarvélum. Heimasíðan var opnuð 21. apríl og hefur verið í loftinu í tvær vikur [þegar þetta er skrifað]. Það er því ágætis reynsla komin á hana. Ég hef mikla trú á því að heimasíðan verði hornsteinn í kynningu á Vestfjörðum og fjölgi komu ferðamanna.“

Þeir takmörkuðu peningar sem markaðsstofan hefur yfir

að ráða fóru því síðustu misserin í að búa síðuna til, semja efni á hana, laga efnið þannig að það henti leitarvélum, finna til myndir og fleira. Á næsta ári geri ég ráð fyrir því að svigrúm verði til að sinna meiri beinni markaðssetningu, hvort sem það verða t.d. auglýsingar hjá Google eða eitthvað annað. Það eru til aðrar leiðir að markaðssetja síðuna og Vestfirði, og það er í rauninni verkefni sem þarf að vinna fyrir sumarið 2008. Það er tekið eitt skref í einu.“

–Hvaða aðrar leiðir er hægt að fara í kynningu Vestfjarða?

„Það eru margar fleiri leiðir til að koma Vestfjörðum á framfæri, þó að heimasíðan sé í brennidepli þessa stundina. Ég tek t.d. á móti tugum erlendra blaðamanna á hverju ári, sem koma gagnert til að skrifa um Vestfirði eða vestfirsku viðburði. Ég stend líka í beinni markaðssetningu þar sem ég hef samband við ferðaskrifstofur, bæði héraðs og erlendis til að kynna þeim Vestfirði. Svo er hluti af þessu að fara á ýmsar ferðasýningar, héraðs og erlendis. Ég held að svona sýningar geti skipt miklu máli, þó að einhverjir efast um það við fyrstu sýn. Ég hef tekið þátt í fjölmörgum vörusýningum, í starfi mínu sem markaðsstjóri 3-X stál, þegar ég vann fyrir Eimskip og svo í starfi mínu í dag. Á sýningar fer maður bæði til að kynna verk sitt og koma

upplýsingum á framfæri og til að kynna viðskiptavinum augliti til auglits. Þarna styrkist tengslanet innan bransans einnig, sem skiptir miklu máli.“

Það eru allskonar leiðir sem ég hef til að koma Vestfjörðum á framfæri, en hvaða leiðir eru farnar þarf að taka ákvörðun um hverju sinni. Ég ber ábyrgð á því að nota peningana á sem bestan hátt.“

Vestfirðir hafa alla möguleika í ferðapjónustu

–Hverjir heldurðu að séu helstu möguleikarnir fyrir Vestfirsku þjónustu? Verður þjónustan einhvern tíma hinn nýi þorskur?

„Ég hætti á að hljóma eins og stjórnmálamaður en manni dettur auðvitað strax í hugklisjan um stóriðju í ferðapjónustu. Það er búið að tala um þetta svo oft, mikilvægi ferðamála, að þetta er orðið eins og umræðan um samgöngur, það er sifellit tönnlast á að þær þurfi að bæta, og það vita það jú allir. Það er alveg sama hver það er, hvort sem það er einhver stjórnmálamaður eða bara einhver úti á götu, ef hann er spurður hvað er mikilvægt svara allir ósjálfrátt að það séu samgöngurnar. Það vita það allir, en af hverju eru samgöngur þá ekki bara í lagi? Það sama er uppi á teningnum þegar ferðamál á Vestfjörðum eru rædd, það eru allir sammála um það að Vestfirðir hafa alla möguleika í ferðapjónustu, og ég er alveg sammála því. Möguleikarnir eru til staðar, það er ekki vandamálið. Það sem stendur ferðapjónustu á Vestfjörðum helst fyrir þrifum er það sama og annarsstaðar á Íslandi, tímabilið hér er stutt, og jafnvel ennþá styttra en í öðrum landshlutum, því enn sem komið er koma flestir ferðamenn hingað á sumrin. Svo erum við minnsta svæðið, hér búa fæstir, þannig að þjónustan takmarkast auðvitað af því. Það er t.d. ljóst að erfitt væri

að halda úti heilsárs þjónustu á kaffihúsi í Breiðuvík, því þar er enginn heimamarkaður og samgöngur óviðunandi. Þessu þarf að breyta! Þetta er erfitt, og kannski dálítill vitahringur; það gengur illa að auka þjónustuna til að lengja tímabilið því fólk getur ekki haft opið allt árið ef það græðir ekki neitt á því. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk vinni við eitthvað án þess að græða á því. Á hinn bóginn kemur enginn þangað sem allt er lokað. Það þarf olíu á eldinn.“

Þetta er samt ekkert hrikalega flókið, það þarf að bæta aðgengi og það þarf að hjálpa frumkvöðlunum, hjálpa fólkinu sem vill gera eitthvað í þessum málum. Fyrst og fremst þurfa fyrirtæki í ferðapjónustu á Vestfjörðum að græða peninga. Ef þau gera það ekki nennir enginn að standa í þessu til lengri tíma lítið og þeir frumkvöðlar sem þó leggja jafnvel húsin sín að veði lognast útaf. Sem betur fer eru menn að gera eitthvað, ríkið og sveitarfélögin á Vestfjörðum leggja peninga í ferðapjónustuna í auknum mæli. Sem dæmi um það er t.d. markaðsstofan. Uppi eru tillögur um að auka fé ennþá meira, t.d. í skýrslu Vestfjarðanefndar um atvinnumál á Vestfjörðum, en þar er lagt til að til komi aukid fé frá hinu opinbera til Markaðsstofunnar og er það jákvætt.“

–Vinnur markaðsstofan fyrir alla Vestfirði?

„Markaðsstofan er staðsett á Ísafirði, enda bara með einn starfsmann. Markaðsstofan vinnur ekki að því að auka yfirbyggingu, heldur reynir hún að veita eins miklu fé í beina markaðssetningu Vestfjarða og hægt er. Svæðið sem ég er að markaðssetja hefur verið skilgreint, en það eru öll sveitarfélög á Vestfjörðum. Svæðið nær því alla leið frá Reykhólum, um sunnan- og norðanverða Vestfirði og að sveitarfélögunum í gömlu Strandasýslu.“

Vestfirðir eru mjög land-

fræðilega afmarkaðir og því ætti að vera auðvelt að markaðssetja þá sem eitt svæði, þó það sé stórt. Því má leiða líkum að því að þeir sem á annað borð koma á Vestfirði heimsæki þá alla, þó að einhver ákveðinn staður á Vestfjörðum sé dreginn fram og auglýstur sérstaklega, eins og markaðsstofan hefur lagt til með Látrabjarg. Stefnt er að því að kynna Látrabjarg sem vestasta odda Evrópu, stærsta fuglabjargið í Norður Atlantshafi og eitt af stærstufuglabjörgum í heimi. Ef það heppnast vel gagnast það öllum Vestfjörðum, því það eykur komu fólks hingað, stórhloti þeirra sem koma hingað eru þá að fara til allra Vestfjarða, taka allan þakkann. Þetta gildir í rauninni um alla staði. Látrabjarg græðir þannig ef að sjávarþorpið á Suðureyri gengur vel og öfugt. Niðurstaðan hefur samt verið sú Látrabjarg hefur mikla möguleika, ef ekki mesta, á að verða kennileiti Vestfjarða. Það er bæði af því að bjargið er auðvelt að aðgreina frá öðrum stöðum, verandi vestasti staður Evrópu. Svo er aðgengi að Látrabjargi ágætt, og betra en t.d. að Hornbjargi. Þangað er hægt að bæta aðgengið án þess að fara í róttækar aðgerðir og taka kúvendingar í stefnumálum, eins og þyrfti að gera með Hornbjarg, ef ætti að leggja veg þangað. Ég hef talað fyrir þjóðgarði þarna og lagði fram ályktun um það fyrir hönd markaðsstofunnar á dögunum um að þjóðgarðurinn Látrabjarg – Rauðisandur verði stofnaður hið fyrsta. Sú tillaga var samþykkt á síðasta aðalfundi Ferðamálasamtaka Íslands í Bolungarvík. Umhverfisstofnun hefur þegar lagt þetta til og nú er málið í höndum landeiganda.“

–Áttu von á því að ferðamannastraumur til Vestfjarða aukist enn í sumar?

„Já, maður vonar það auðvitað að fleiri leggi leið sína hingað. Í sjálfu sér er það krafan að með auknu fé í markaðsstarf leggi fleiri leið sér hingað.“

„Ég ákvað það strax að hluti af því að snúa dæminu við hér á Vestfjörðum er að hver og einn þarf að leggja meira á sig, þjóna samfélaginu á einhvern hátt. Hér fá líka allir tækifæri til þess, hver og einn skiptir máli, öfugt kannski við stöðuna í Reykjavík.“

að, að starfið skili sér. Það er líka tiltölulega auðvelt að mæla árangurinn, sem er auðvitað fjölgun ferðamanna. En það er samt kannski erfiðast að meta hve mikilvægur hver ferðamaður er. Það er því miður lítið um hegðunarrannsóknir á ferðamönnum, ekki er búið að rannsaka hvað hver eyðir miklu, hvar hann eyðir því og í hvað. Hvort að ferðamenn á skemmtiferðaskipum eyði jafn mikið og þeir sem koma keyrandi, eða fljúgandi. Hvort þeir gista á hóteli, gistiheimili eða tjaldstæði. Slíkar rannsóknir eru athyglisverðar og þarfar, sem og athuganir hvaða áhrif svona stöðgreinar sem lúta að kynningu hafa. Eins og markaðsstofan, sem sér um kynningu út á við, bæði út fyrir landsteinana og héra heima, og svo upplýsingamiðstöðvarnar sem veita ferðamönnum upplýsingar. Hversu mikil áhrif hafa svona stofnanir og hversu miklir peningar fara í þetta? Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að svona hlutir kosta mikla peninga, og því er mikilvægt að hægt sé að leggja mat á árangur allra þessara aðila, þessar fjárfestingar.

Ég hef reynt að beita mér fyrir því að farið verði í þessar rannsóknir og Ferðamálastetur Íslands á Akureyri hefur tekið að sér að hjálpa Markaðsstofunni að framkvæma þessa rannsókn á landsvísi og það hafa flestar aðrar markaðsstofur á landinu samþykkt að taka þátt í rannsókninni. Það verður mjög spennandi að sjá niðurstöðurnar úr því, hvaða áhrif kynningarmál hafa í raun á komur ferðamanna og hegðun ferðamanna. Mitt hlutverk er að kynna það sem er í boði, en ekki að sinna vörubróun.“

Hver og einn þarf að leggja meira á sig

Jón Páll var á dögum kjörinn formaður Tónlistarfélagss Ísafjarðar, en hann tók við embættinu af Gunnlaugi Jónassyni, sem var formaður félagsins um áratugaskeið.

–Hvernig kom það til að þú ákvaðst að taka þetta að þér? „Gunnlaugur fór þess á leit við mig núna í vor að ég tæki að mér formennsku félagsins. Mér fannst það í fyrstu mjög sérstakt þar sem ég veit ekki mikið um tónlist, þannig séð. Ég var reyndar í tónlistarskóla sem krakki, og lærði á franskt horn í þrjú ár og eitt ár á althorn. Ég spilaði meira að segja með Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar. En mér sóttist tónlistarnámið ekkert sérstaklega vel, og mig grunar að ég hafi hreinlega ekki verið nógu hæfileikaríkur.

Ég hef mikla trú á að hluti af því að búa hér fyrir vestan er að taka þátt í því sem er í boði. Þegar ég bjó í Reykjavík tók ég ekki þátt í neinu svona, var ekki í neinum félagasamtökum, sjálfboðaliðastarfi eða slíku. Ég var heldur ekkert með samviskubít út af því. Um leið og ég flutti aftur vestur var ég kominn á kaf í félagsmálin og það er alltaf að aukast. Ég ákvað það strax að hluti af því að snúa dæminu við hér á Vestfjörðum er að hver og einn þarf að leggja meira á sig, þjóna samfélaginu

einnig vegna þess að það er gaman fyrir alla að taka þátt í svona starfi.“

–Hver eru helstu verkefni tónlistarfélagssins?

„Það má segja að starfsemi Tónlistarfélagss Ísafjarðar sé tvíþætt. Fyrst má segja frá tónleikaröð félagsins en það eru tónleikar sem félagið stendur fyrir. Venjan er að fá listamenn í fremstu röð á Íslandi til að spila á tónleikum hér fyrir vestan nokkrum sinnum á ári. Ég hef mikla trú á sérhæfingu og kem ekki að því að velja listamennina sem

hægt að halda tónleika nema að hafa sal til að halda þá í, og það er ekki hægt að bjóða listamönnum að koma og spila, nema bjóða þeim upp á almennilegt hljóðfæri. Nú er kannski komið að ákveðnum tímamótum, fyrst salurinn og flygillinn eru komnir getur tónlistarfélagið einbeitt sér að því að byggja upp innviði félagsins, fjölga félögum, gera meira úr tónlistarstarfinu og kynna starfsemi félagsins betur fyrir Ísfirðingum og nærhæfingu og kem ekki að því að velja listamennina sem

vetur. Ég hef haft ellefu nemendur, á öllum aldri, bæði háskólagengið fólk og ekki, úr hinum ýmsu atvinnugreinum. Nemendurnir eru allir mjög áhugasamir, sem er einstaklega ánægjulegt.“

–Hvernig finnst þér að kenna?

„Það er mjög skemmtilegt. Ég hef kennt nokkrum sinnum, t.d. kenndi ég markaðsfræði hér við Menntaskólann, en það var talsvert ólíkt þessu. Svo kenndi ég einu sinni á Brautargengi, sem er nám fyrir athafnakonur sem vilja hrinda

Það er nú einu sinni þannig að sama þó að einhver stefnubreyting verði eftir kosningar, hvort sem hún er til hægri eða vinstri, þá er alveg ljóst að við förumst ekki hér á Íslandi. Við erum svo ótrúlega dugleg þjóð og ég er eiginlega viss um að sama hvað gerist þá getum við alltaf bjargað okkur. Þegar við höfum það svo gott, er merkilegt að það er lítið minnst á hjálparstarf í kosningabaráttunni. Þetta kemst hvergi að og við erum orðin svo sjálfhverf að við hugsum bara um að við viljum



á einhvern hátt. Hér fá líka allir tækifæri til þess, hver og einn skiptir máli, öfugt kannski við stöðuna í Reykjavík. Ég reyni að leggja mitt af mörkum og hef því eytt stórum hluta af tíma mínum í félagsstörf, ég var þannig í stjórn meistaraflokks BÍ, stjórn HSV og Mýraboltafélaginu, auk þess sem ég tek þátt í því sem kemur upp hverju sinni.

Ég er auðvitað frekar markaðslega þenkjandi og finnst hefðin fyrir tónlist hér í Ísafjarðarbæ mjög mikilvæg, tónlistarskólarnir og tónlistarfélagið. Ég er sannfærður um að ég hafi eitthvað fram að færa í Tónlistarfélagi Ísafjarðar og held að það sé mikilvægt að fá fleiri meðlimi í félagið. Ég hef fullan hug á því. Ég hef rætt þetta við félaga mína í stjórn félagsins og við erum samstiga í því að gera meira úr félaginu, fá fleiri til að vera með í því og taka þátt í þessu mikla menningarstarfi. Ekki bara vegna þess að það er betra fyrir imynd Ísafjarðar, heldur

hlakka til að beita mér fyrir.“

Markaðsfræðin og pólitíkin

–Nú kennir þú markaðsfræði við Háskólasetur Vestfjarða, segðu mér aðeins af því.

„Ég er mjög stoltur af því að námskeiðið sem ég kenni núna, markaðsfræði 103 frá Háskólanum í Reykjavík, er mér sagt að sé fyrsta háskólanámskeiðið á Vestfjörðum, þar sem vestfirskum nemendum er kennt af vestfirskum kennara á Vestfjörðum. Námskeiðið er þriggja eininga háskólanám og alveg frábært að hægt sé að bjóða upp á slíkt nám hér. Ég þreytist ekki á að benda á það að það er grundvallarmunur á háskólanámi til eininga og námskeiðum, námskeiðin eiga það til að detta út af ferilskránni eftir því sem lengra liður frá þeim, en háskólaeiningar tekur enginn frá manni. Það er búið að vera mjög gaman að kenna þetta í

viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd. Þannig að ég hef komið að kennslu áður. Ég veit ekki hvort ég sé að afhjúpa mig sem einhvern egóista, en mér finnst gaman að tala og að tala yfir hópi fólks í þrjú tíma, sem verður að hlusta, það er ákveðið kikk.“

–Við vitum að þú ert mjög virkur í félags- og íþróttastarfi, en hvernig er það með pólitíkin? Vekur hún áhuga þinn?

„Ég varð fyrir því happi að horfa á sjónvarpsþáttinn Komþás fyrir nokkru, en þátturinn fjallaði um barnaþorp ABC í Nairobi í Afríku. Ég hélt að þetta yrði bara enn einn þátturinn um þetta málefni sem ekki næði í gegn, en þessi þáttur hafði gífurleg áhrif á mig. Hann fjallaði um íslenska konu sem vinnur þarna afar óeigingjarnt starf við að aðstoða fólk á svæðinu, útvega því lyf og læknishjálp. Ég fór að hugsa þetta í samhengi við kosningabaráttuna sem hefur staðið yfir undanfarnar vikur.

fá fleiri vegi og fleiri göng. Auðvitað skipta göng og vegir máli og pólitikar hafa að sjálfsögðu áhrif á okkar líf, en það má ekki gleyma því heldur að pólitikar geta líka hafa áhrif á líf annarra eins og allra þeirra barna sem dóu á meðan ég hef setið hér og blaðrað. Ég er óflokksbundinn og skipti mér ekkert af pólitík, en ég fór að velja því fyrir mér hvað þetta skýtur skökku við. Það er enginn sem segist vilja auka fjárveitingar í hjálparstarf, nema að mjög litlu leyti. Það er erfitt að koma orðum að þessu, án þess að maður hljómi klisjukenndur, eins og maður sé að reyna að troða mat í börnin sín, án þess að orðin missi alla þýðingu. Svona hlutir hafa sjaldan áhrif á mig, en það var eitthvað sem hreyfði við mér. Myndi flokkur sem segðist ætla að gera skurk í þessum málum njóta einhvers fylgis?“

Segir Jón Páll og við látum það vera lokaorð hans að þessu sinni. –tinna@bb.is



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Ársfundur 2007

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2007 verður haldinn á Hótel Ísafirði fimmtudaginn 17. maí nk. kl. 14:00.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur ársins 2006.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Kosning á hluta stjórnar og varanna.
6. Kynntar tilnefningar Samtaka atvinnulífsins á mönnum í stjórn sjóðsins.
7. Lagðar fram tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
8. Önnur mál.

Allir sjóðsfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt á fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Sjóðsfélagar eru hvattir til að nýta sér rétt sinn og mæta á ársfund sjóðsins, en eru beðnir að staðfesta þátttöku sína við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 16. maí 2007.

Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á ársfundinum.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.



Tónlistarskóli Ísafjarðar
Austurvegi 11 • 400 Ísafjörður • Sími 3926

Ritari

Ritari óskast næsta vetur í 70% starf við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Um er að ræða fjölbreytt starf í lífandi umhverfi.

Helstu hæfniskröfur og eiginleikar:

- a) Menntun á sviði skrifstofustarfa og eða starfsreynsla.
- b) Góð tölvukunnátta.
- c) Færni í mannlegum samskiptum.
- d) Þarf að geta tekið frumkvæði og unnið sjálfstætt.

Skriflegar umsóknir berist sem fyrst til Tónlistarskóla Ísafjarðar, bt. skólastjóra, Austurvegi 11, 400 Ísafirði.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri í síma 456 3925 eða á netfanginu sigridur@snerpa.is.

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560



Það var glatt á hjalla þegar Lionsklúbbur Ísafjarðar fagnaði 50 ára afmæli sínu á laugardaginn.

Haldið upp á 50 ára afmæli Lionsklúbbs Ísafjarðar

Lionsklúbbur Ísafjarðar hélt upp á 50 ára afmæli sitt á laugardaginn. Hátíðarfundur var haldinn í Frímúrarasalnum á Ísafirði og að sögn formanns klúbbsins, Bjarndísar Friðriksdóttur, var afmælið einstaklega vel heppnað og tókst vonum framar. „Við fengum góða gesti á hátíðarfundinn, félagsmenn Lions frá Reykjavík, Bolungarvík, Patreksfirði, Súganda og Flateyri, en allt í allt voru um 80-90 manns sem fögnuðu afmælinu.

Umdæmisstjóri 109 B svæðis Lions, Jón Gröndal, var viðstaddur, en hann veitti 10 félögum klúbbsins æstu viðurkenningu Lions, að vera gerðir að Melvin Jones félögum. Við það hafa langflestar félagar Lionsklúbbs Ísafjarðar hlotið þessa viðurkenningu, en mér er sagt að það sé alveg einstakt.“ Klúbburinn hlaut fleiri

viðurkenningar, en hann var kosinn klúbbur ársins á norðursvæðinu, auk þess sem hann hlaut viðurkenningu fyrir að vera leiðandi í alþjóðlegu sjónverndaráttaki.

Bjarndís segir að skemmtidagskrá kvöldsins hafi ekki verið af verri endanum, en um veislustjórn sá Úlfar Ágústsson. „Dagskráin byrjaði á því að djassarar aldarinnar, Villi Valli, Ólafur Kristjánsson og Valdimar Olgeirsson spiluðu, þá kom ung stúlka úr Bolungarvík, Kristín Hálfánardóttir, og spilaði fyrir okkur á harmonikku. Dagný Hermannsdóttir og Helga Margrét Marzelliusardóttir sungu og Hjónabandið spilaði svo fyrir dansi fram á nótt.“ Meðfylgjandi myndir frá afmælishátíðinni tók Þorsteinn J. Tómasson.

– tinna@bb.is



Bjarndís tekur við viðurkenningu úr hendi Jóns Gröndal, umdæmisstjóra.



Djassgeggjararnir Villi Valli, Ólafur Kristjánsson og Valdimar Olgeirsson.



Lionsmennirnir Sólberg Jónsson og Guðmundur Páll Einarsson létu sig ekki vanta í afmælisfagnaðinn.



Edinborgarhúsið, andlit bæjarins.

Bagalegt ástand við Edinborgarhúsið

Eins og greint hefur verið frá fæst ekki fjármagn til að klára lóðagerð við Edinborgarhúsið á Ísafirði. Verkið hófst í fyrrasumar og var gengið í það af miklum krafti, planið við suðurenda hússins grafið upp, nýjar lagnir lagðar og hafist handa við hellulögn. Nú er svo komið að verkið er stöpp og ekkert ákveðið um framhald þess. Edinborgarhúsið er miðstöð ferðamanna á Ísafirði. Þar eru til húsa ferðaþjónustufyrirtækið Vesturferðir ásamt Upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Gylfi Ólafsson framkvæmdastjóri Vesturferða segir að

ástandið sé vissulega bagalegt og þá sérstaklega þar sem veitingahluti hússins verður en þar er ekki búið að helluleggja og planið eitt flag. Í samtali við blaðið fyrir stuttu bar Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar við fjárskorti bæjarins, skera þurfti niður í framkvæmdum bæjarins vegna byggingu nýs grunnskóla, sem er stærsta verk sem bærinn hefur ráðist í um langt árabil. Þá sagði Halldór að tæknideild Ísafjarðarbæjar muni óska eftir fjármagni í verkið á næsta ári en gaf ekki frekar til kynna hvort það muni fást.

Löngum hefur verið kvart að undan sóðaskap og ófrá-gengnum svæðum á og við hafnarsvæðið þar sem fjöldinn allur af ferðamönnum á leið um og löngum verið lofað bragarbót. Talsvert átak var gert á hafnarsvæðinu í fyrra en betur má ef duga skal. Formleg vígsla Edinborgarhússins verður í næsta mánuði en ljóst er að talsvert verður eftir af framkvæmdum við húsið. Eins og áður hefur komið fram er Edinborgarhúsið miðpunktur ferðaþjónustu á Ísafirði og er þessi glæsilega bygging að mörgu leyti andlit bæjarins út á við.

Jón Reynir næsti skólameistari Menntaskólans

Menntamálaráðherra hefur skipað Jón Reyni Sigurvinsson í embætti skólameistara Menntaskólans á Ísafirði til næstu fimm ára. Jón Reynir er aðstoðarskólameistari við Menntaskólann og hefur hann starfað við skólann frá árinu 1987, með hléum, sem framhaldsskólakennari og síðar aðstoðarskólameistari. Ákvörðun var tekin eftir að skólanevnd Menntaskólans á Ísa-



Jón Reynir Sigurvinsson.

firði hafði mælt með Jóni Reyni.

Þrjú sóttu um stöðu skólameistara við Menntaskólann á Ísafirði en umsóknarfrestur rann út um miðjan apríl. Um embættið sóttu Agnes Karlsdóttir, framhaldsskólakennari, Hildur Halldórsdóttir, framhaldsskólakennari og Jón Reynir Sigurvinsson, aðstoðarskólameistari sem öll starfa við Menntaskólann.

Dæmdur í fangelsi fyrir fíkniefnalagabrot

Karlmaður á þritugsaldri var á dögunum dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða í 30 daga fangelsi fyrir fíkniefnalagabrot. Maðurinn var ákærður fyrir vörslu á 11,89 grömmum af kókaíni og lítillæði af hassi. Fíkniefnin fundust við leit í bíl ákærða og í framhaldinu fór fram hútleit á heimili mannsins, og fundust þar áhöld til fíkniefnaneyslu. Efni

og áhöld voru gerð upptæk. Ákærði játaði sök, en hann hefur þrívégis á árunum 2003 til 2006 sætt sektum fyrir fíkniefnalagabrot. Maðurinn var því dæmdur í 30 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð. Við ákvörðun refsingar manns-

ins var litið til þess að ákærði hafði nokkuð af sterku fíkniefni í fórum sínum auk sakaferils á bakinu. Því var ákveðið að veita manningnum þyngri refsingu en sekt.

Á hinn bóginn var litið til greiðlegrar játningar mannsins fyrir dómi, auk þess sem hann kveðst hafa breytt hegðun sinni til hins betra.

– tinna@bb.is

Kjörfundur í Ísafjarðarbæ vegna alþingiskosninga 12. maí 2007

Kjörfundur vegna komandi alþingiskosninga fer fram laugar-daginn 12. maí 2007. Kjörfundur hefst í öllum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið verður í sex kjördeildum á eftirtöldum stöðum:

Ísafjörður (1.-3. kjördeild):

Kosið verður í íþróttahúsinu á Torfnesi. Þar verða þrjár kjördeildir fyrir þá sem búa á Ísafirði, Hnífsdal og Æðey.

Suðureyri (4. kjördeild):

Kosið verður í Félagsheimilinu á Suðureyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Súgandafirði.

Flateyri (5. kjördeild):

Kosið verður í Grunnskólanum á Flateyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Önuðarfirði.

Pingeyri (6. kjördeild):

Kosið verður í Félagsheimilinu á Pingeyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Dýrafirði, Arnarfirði og á Ingjaldssandi.

Yfirkjörstjórn vekur athygli kjósenda á ákvæði 79. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, en þar segir:

„Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.“

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar hefur á kjördag aðsetur í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði, sími 450 8486.

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar

Hildur Halldórsdóttir Fylkir Ágústsson Smári Haraldsson.

Alþingiskosningar 2007

Kjörfundur

Kjörfundur vegna alþingiskosninga þann 12. maí 2007, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur að Aðalstræti 12.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 22:00 síðdegis.

Kjörstjórn vekur athygli kjósenda á 79. grein laga um kosningar til Alþingis, en þar segir:

„Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.“ (L.24/2000).

Bolungarvík, 30. apríl 2007,

Kjörstjórn í Bolungarvík,

Ingibjörg Vagnsdóttir

Dóra María Elíasdóttir

Sólrun Geirsdóttir

Vinnum að undirbúningi alls árið um kring

Ester Sturludóttir og Stefán Þór Hafsteinnsson eru ungt par frá Ísafirði sem hugsar vel um heilsuna. Þau héldu til Akureyrar um páskana, til að keppa á Íslandsmótunum í fitness og vaxtarrækt, sem haldin voru undir merkjum Fitnesshelgariðnaðarinnar 2007. Ester keppti á Íslandsmótinu í fitness en Stefán tók þátt í Íslandsmótinu í vaxtarrækt. Bæði náðu góðum árangri, Ester varð þriðja í flokki kvenna yfir 164 cm á hæð og Stefán varð í fjórða til sjötta sæti í vaxtarrækt karla undir 90 kg. Að baki keppnum sem þessum liggur mikill undirbúningur, og þátttakendur þurfa að fylgja



ströngu mataræði vikunnar fyrir keppni, auk þess sem líkaminn er þjálfður stíft.

Saga fitness- og vaxtarræktarkeppna á Íslandi er ekki löng, en íþróttirnar hafa náð miklum vinsældum á skömmum tíma. Blaðamaður BB fékk Ester og Stefán til að útskýra nánar hvernig var á Fitnesshelginni 2007, um hvað þessar keppnir snúast og hvernig þau undirbyggju sig fyrir þátttöku í keppnunum.

–Hver er munurinn á fitness og vaxtarrækt?

„Munurinn er sá að í fitness keppir maður í hindrunarbraut og líkamsburði, en vaxtarræktin er aftur á móti í rauninni hálfgerð gripasýning. Þar er bara verið að bera saman vöðva keppenda, ekki hvort þeir geti hlaupið ákveðna veg-

lengd, eða hift sig upp. Í vaxtarræktinni koma þátttakendur inn á svið þar sem þeir eru dæmdir, auk þess sem hver og einn er með sína rútinu, þar sem vöðvarnir eru hnyklaðir undir tónlist, sumir eru jafnvel með dansspor.

Í fitness byrjar keppnin á samanburði, keppendur eru metnir eftir því hvort þeir beri sig vel og hvort líkaminn sé í samræmi, vöðvarnir séu ekki of stórir eða of litlir, efri hluti líkamans á að vera í samræmi við þann neðri og svo framvegis. Síðan er keppt í þrautabraut, þar sem tíminn



Stefán á sviðinu í vaxtarræktarkeppninni.

er tekinn á keppendum þegar þeir draga bíl, klifra upp kaðal og fleira. Fitnesskeppnin og vaxtarræktin eru því tveir aðskildir og frekar ólíkir viðburðir, þó þeir séu haldnir sömu helgina.“

–Lýsið keppninni um páskana.

„Við lögðum af stað til Akureyrar á miðvikudeginum fyrir páska. Við gistum á hóteli KEA á meðan á keppninni stóð og það var alveg frábært, margir hinir keppendanna gistu þar líka og myndaðist góð stemmning á hótelinu. Á fimmtudeginum tókum við því bara rólega, komum okkur fyrir og fórum í lokaundirbúning fyrir keppnina. Stefán fór í vigtun á fimmtudagskvöldinu en það var svolítið stress fyrir vigtunina því að Stefáni var mikilvægt að halda sig undir 90 kílóum. Hefði hann verið þyngri hefði hann keppt í þyngsta flokkinum og það getur verið mjög erfitt, ef litið er til þess að hann var að keppa í vaxtarrækt fyrsta skipti. Stefán var eini nýliðinn í vaxtarræktinni þetta árið.

Á föstudagsmorgninum byrjaði keppnin í vaxtarrækt. Hún hófst á því að keppendur sýndu rútinuna sína, og þá er mesta pressan á keppendum af því mest öll dómgæslan fer fram þá. Um kvöldið var opið hús á keppninni og Sjallinn, þar sem keppnin fór fram, var alveg troðfullur og mikil stemmning. Þá var rútin sýnd aftur og keppendur hnykluðu vöðvana í mismunandi stellingum. Eftir keppnina í vaxtarrækt var Stefán búinn með sitt og gat slakað á. Það var þægilegt fyrir okkur að keppa sitt á hvorum deginum, því þá gátum við stutt og hjálpað hvoru öðru.

Ester keppti í fitness á laugardeginum og á laugardagsmorgninum vaknaði hún kl. hálf sjö til að greiða sér og mála. Forkeppni var haldin klukkan hálf fellefu en þar komu keppendur fram í svörtu bikini, og ekki var leyfilegt að vera með skart eða neitt slíkt. Þá var dæmt í samanburði. Klukkan sex um daginn var keppt í þrautabrautinni, og seinna um kvöldið komu keppendur fram í skrautlegum sundfötum, með skart. Þegar þarna er komið er allt fjálslegra og skemmtilegra, og fullt af áhorfendum mættir á keppnisstað til að fylgjast með. Í rauninni var búið að dæma í báðum keppnunum snemma á keppnisdag. Keppnirnar á kvöldin eru meira sýning fyrir áhorfendur, stemmningin meðal keppenda léttist líka eftir því sem liður á daginn.“

–Hvenær hefjið þið undirbúning fyrir keppni?

„Við vinnum að þessu allt

árið um kring, æfum og lyftum, hugsum vel um mataræðið og fleira í þeim dúr. Strangur undirbúningur fyrir sjálfa keppnina hefst hinsvegar strax 1. janúar, en miðað er við að undirbúningstímabilið fyrir mót sé um 12 vikur. Þá byrjum við að trappa okkur niður, hættum alveg að borða allt nammi og sætindi, minnkum kolvetnin og skerum mikið niður fituna í mataræðinu. Fyrsta hluta tímabilsins fengum við okkur kannski fisk-eða kjúklingarétti á laugardögum, en undir lok þess var bara soðin ýsa og grillaðar kjúklingabringur í matinn. Fæstar kryddtegundir eru leyfilegar. Við vigtuðum allt sem við létum ofani okkur, til að vita nákvæmlega hvað við værum að borða mikið af kolvetnum, próteinum og öðrum næringarefnum. Við hreyfðum okkur mjög mikið á þessu undirbúningstímabili og í fimm vikur fyrir mót vögnuðum við alla morgna fyrir klukkan sjö til að æfa, og æfðum tvisvar á dag. Um tveimur vikum fyrir mót fórum við svo að ganga frá smáatriðum eins og búningum, skarti, skóm, brúnkukremi o.fl.

Sex dögum fyrir mót tókum við fjóra daga þar sem við sleppum kolvetnum alveg, en borðum samt þokkalega mikið af próteinum á hverjum

degi. Við drekkum um 3-4 litra af vatni á dag, þessa daga, og söltum matinn örliði til að líkaminn haldi í vökvann. Síðan tveimur sólarhringum fyrir mótsgang byrjum við að borða kolvetni, en tökum vökva að mestu út. Þessa síðustu daga fyrir keppni, þegar kolvetnasveldið var algjört og vatnsdrykkju var haldið í lágmarki, sáum við að líkamar okkar breyttust mikið, bara frá morgni til kvölds. Við urðum skornari með hverri mínútnni. Þegar vatnið fór síðan úr líkamanum hrundu kílóin af okkur. Kolvetnin eru tekin inn í mataræðið rétt fyrir mót til að fá fyllingu aftur í vöðvana, en þeir missa hana dálítið í niðurskurðinum, það er eiginlega eins og þeir séu „tómir“. Um leið og kolvetnin koma inn í kerfið stækka vöðvarnir aftur. Það þarf að tímastilla allt í þessu ferli, því þetta snýst um að líta sem best út á nákvæmlega réttum tímamarki. Þetta getur verið dálítið vandasamt og margir líta jafnvel betur út að kvöldi keppnisdags, eða daginn eftir.

Flestir fara og borða á sig gat eftir að keppni er lokið. Við fórum t.d. beinustu leið á Bautann eftir keppnina hjá Ester. Við gátum þó ekki borðað allt sem okkur lysti því að eftir svona strangt mataræði hefur maginn minnkað tölu-

Ísafjarðarflugvöllur ekki hæfur til millilandaflugs

Hlutverk Ísafjarðarflugvallar í Grænlandsflugi mun stórmínka að óbreyttu en völlum hefur um langt árabíl verið burðarás í þjónustu Flugfélags Íslands við fyrirtæki á A-Grænlandi. Ástæðan fyrir þessu er sú að á Ísafjarðar-

flugvelli er ekki búnaður til vopnaleitar ásamt öðru sem skylda er að hafa á flugvöllum sem sinna millilandaflugi. Friðrik Adolfsson, deildarstjóri hjá Flugfélaginu, segir þetta vera bagalegt en Ísafjarðarflugvöllur er eini flugvöllurinn á landinu sem getur sinnt þessu flugi vegna nálægðar við Grænlands.

Í flugið eru notaðar Twin Otter flugvélar með skíðaútbúnaði. Vegna skíðanna minnkar flugdrægi vélanna og því er ekki hægt að fljúga nema

allra skemmstu leið yfir hafið. Hingað til hafa farþegar á leið á jökullinn flogið fyrst til Ísafjarðar með áætluarflugi og þaðan áfram til Grænlands. Að sögn Friðriks hefur fengist leyfi til að millilenda á Ísafirði til að fylla vélarnar bensíni,

en með þeim skilyrðum að farþegar yfirgefi ekki vélarnar ásamt því að lögreglan mun hafa eftirlit á flugvöllum.

Friðrik segir engin tæknileg atriði því til fyrirstöðu að fá Ísafjarðarflugvöll samþykktan sem millilandaflugvöll heldur snýst málið um að fá þær fjárveitingar sem til þarf. Einhver umsvif hafa fylgt fluginu, farþegar hafa keypt gistingu á Ísafirði á leið sinni

til og frá Grænlandi auk þess að kostur fyrir leiðangursmennina hafi stundum verið keyptu á Ísafirði.

Flugfélag Íslands sinnir margskonar verkefnum á austurströnd Grænlands. Mest er um að ræða þjónustu við námufyrirtæki en einnig flýgur félagið með ævintýraþyrsta ferðamenn sem klífa þar tinda og ganga á jökla. Einungis er um leiguflug að ræða.



Ísafjarðarflugvöllur.

vert. Viljinn var því fyrir hendi en líkaminn réði hreinlega ekki við að borða mikið.

–Var erfitt að fylgja svona ströngu mataræði?

„Eitt af því erfiðasta við mataræðið var að vita til þess að maður mátti hreinlega alls ekki fá sér neitt óhollt, því þó að við fylgjum yfirleitt mjög hollu og góðu mataræði þá leyfum við okkur auðvitað af og til að fá okkur sætindi. Það var því óþægilegt að vita til þess að maður mætti það alls ekki. Einnig var frekar erfitt að þurfa að afþakka kökur og sælgæti þegar við heimsóttum ættingja og vini. Sumir skildu ekki að við værum að fylgja þessu stranga mataræði, og tóku því mjög nærri sér þegar við vildum t.d. ekki rjóma-pönnukökur. Fólk hefur líka dálítið ranga mynd af fitness og vaxtarrækt, og margir vildu meina að það væri bókstaflega hættulegt að neita sér um syk-ur og óhollustu, sem er auðvitað ekki rétt. Þetta er bara ákveðið keppnistímabil sem við förum í gegnum. Aðra hluta ársins borðum við venjulegan mat og það er helst að við borðum meiri prótein en flestir aðrir.

Núna, þegar við hugsum til baka, fannst okkur þetta auðvitað ekkert erfitt, heldur gaman, og við ætlum örugglega að gera þetta aftur. Í kolvetna-sveltinu og einnig þegar við

vorum að tæma allan vökva úr líkamanum, skaut þeirri hugsun reyndar stundum upp hjá okkur hvort þetta væri ekki algjör vitleysa sem við værum búin að koma okkur í. Manni líður ekkert rosalega vel og maður verður hálf andlaus og skritinn þegar líkaminn er svona þurr og tómur. Þetta breyttist allt þegar við förum norður, en um leið og við komum á keppnisstaðinn og hittum fólk sem er búin að ganga í gegnum það sama, og við sáum hversu miklum árangri við vorum búin að ná, þá hugsuðum við að þetta myndum við gera aftur. Við munum því halda þessu áfram eins lengi og við getum.

Við erum viss um að í annað sinn sem farið er út í svona, þá verður það strax mun auðveldara. Þá vitum við nákvæmlega hvað við erum að fara út í og hversu miklum árangri við getum búist við að ná á þessum 12 vikum. Okkur fannst nefnilega eitt af því óþægilegasta við þetta allt saman að vita í rauninni ekki hvaða árangri við myndum ná.

Það skiptir miklu máli að vera í þessu saman, það er örugglega erfitt að búa með einhverjum sem fylgir ströngu mataræði og æfir eins og vitleysingur en vera ekki í því sjálfur, og öfugt.

–Er ekkert erfitt að fara í

þrautabrautina í fitnesskeppninni þegar að líkaminn hefur losað sig við allt vatn og næring skorin niður?

„Jú, Ester fann það t.d. síðustu dagana fyrir keppni að eftir þrotlausar æfingar og þetta fábrotna mataræði varð hún móð bara við að ganga upp stígann hérna heima. En um leið og komið er í brautina fer adrenalínið af stað og það heldur keppendum gangandi í gegnum þetta. Líklega næði Ester betri tíma í brautinni í dag en á sjálfri keppninni, en þarna eru allir keppendur í svipaðri stöðu. Dagsformið er svipað hjá öllum.“

–Er mikill kostnaður við þátttöku í keppnum sem þessum?

„Hann getur verið töluverður, ef við tökum sem dæmi búninginn sem Ester var í, þá kostar hann um 50.000 krónur þegar allt er talið, skart, sundföt og skór. Fæstir kaupa sér því allt nýtt á hverju ári. Sumir panta bikiniin sín af netinu, eða kaupa þau í útlöndum en Ester lét sauma sitt í Gallerii Freydisi í Reykjavík. Bikiniin sem keppendur eru í eru mjög dýr og flott og eru ekki ætluð til að fara í, í sund. Ester þurfti svo að fara nokkrum sinnum til Reykjavíkur til að máta bikiniíð, en vikurnar rétt fyrir mót breyttist líkaminn svo mikið að það getur verið erfitt að hafa bikiniíð í rétttri stærð á

keppnisdeginum.

Ef viljinn er fyrir hendi er ekkert mál að útvega sér styrktaraðila fyrir keppni sem þessar, og það gerðum við, en Hamraborg og Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf. styrktu okkur veglega. Það munar mikið um styrkina því ekki aðeins er búningur Esterar dýr heldur er matarkostnaður hjá okkur tveimur frekar hár. Við tökum t.d. mikið af fæðubótarefnum og þau eru nokkuð dýr. Á móti kemur þó að við borðum auðvitað lítið af þísum og dýrum skyndibita.“

–Finnið þið fyrir miklum stuðningi hér heima fyrir?

„Okkur finnst við reyndar ekki mæta miklum skilningi hér fyrir vestan, og það var merkilegt að um leið og við komum norður á keppnina var eins og þar þekkti fólk þetta betur, fitness og vaxtarrækt, og var mun meira hvetjandi og áhugasamara um málið. Fólk sem við hittum úti í búð til dæmis spjallaði við okkur um keppnir og óskaði okkur góðs gengis o.þ.h. Hér fyrir vestan hafa auðvitað ekki margir farið út í að keppa í fitness eða vaxtarrækt, og því þekkjast þetta ekki allir, eða vita ekki hvornig þetta fer fram, og hafa jafnvel dálitla fordóma gagnvart þessu. Vonandi á það eftir að breytast.“

– tinna@bb.is

HEILBRIGGISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Háls-, nef- og eyrnalæknir

Háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku og aðgerðir á Ísafirði dagana 11. og 12. maí.

Tímappantanir í síma 450 4500 milli kl. 8 og 16 alla virka daga.

Húsmæðraorlof

Konur í Vesturbyggð, Tálknafirði, Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík takið eftir!

Ákveðið hefur verið að fara í orlofsferð innanlands í ár og verður farið helgina 31. ágúst til 3. september. Gist verður á Hótel Heklu sem er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Rétt til að sækja um í ferðina hefur sérhver kona sem veitir, eða hefur veitt sorstöðu heimili, án launagreiðslu fyrir það starf.

Frestur til að sækja um er til 10. júní og ganga þær konur fyrir sem ekki hafa farið áður. Skrásetningargjald er 5.000 krónur. Pantanir og frekari upplýsingar veita eftirtaldar:

Kristjana, s. 456 2569, krist.an@centrum.is

María, s. 456 2054, hagi2@simnet.is

Sólrún, s. 456 1430, solrunol@simnet.is

Háseti

Háseti óskast til afleysinga fram að sumarstoppi á Sigga Þorsteins ÍS.

Upplýsingar í sínum 896 2825 eða 852 1908.

Fiskvinnslan Kambur ehf.,

www.toyota.is

Sumarfagnaður Toyota


HELDURKILAS TOYOTA 2007 05 10 09:00

Sumarfagnaður Toyota

Nú fögnum við sumrinu. Á laugardaginn milli klukkan 11 og 16 er öllum Toyota-eigendum boðið til Bílatanga á Ísafirði, viðurkennds þjónustuaðila Toyota, þar sem nóg verður um að vera.

Komið og fagnið sumrinu með okkur á laugardaginn og akið í burtu á skínandi hreinum bílum.

- Ókeypis sumarþvottur á Toyotabílum
- Sumargjafir fyrir börn og fullorðna
- Grillaðar kræsingar og ískalt gos

Opið: Í dag kl. 11.00 - 16.00


TODAY TOMORROW **TOYOTA**


Bílatangi ehf
Suðurgötu 9
Ísafirði
Sími: 456-4580


Kæru Vestfirðingar

Endurreisum velferðarkerfið

Kjósum betri framtíð, kjósum Samfylkinguna




Togskipið Sólrún ÍS 399 (áður Bjarnarey) við bryggju í heimahöfn í Bolungarvík. Skipið var þá á línuveidum. Ljós: Hjálmar R. Bárðarson.

Þættir úr þróun fiskiskipa

Út er komin bókin „Þættir úr þróun íslenskra fiskiskipa“ eftir Hjálmar R. Bárðarson, sem fyrir löngu hefur getið sér gott orð sem höfundur og myndasmiður. Þessi nýjasta bók hans sannar orðsporid enn frekar. Hún er afar fróðleg, fallega myndskreytt og vönduð í hvívetna. Hér fjallar Hjálmar meðal annars um Svíþjóðarbátana, en fyrst og fremst beinir hann þó sjónum sínum að skipunum fimm tíu sem smíðuð voru í Austur-Þýskalandi á árunum 1956 til 1967, en þau voru töluvert gagnrýnd á sínum tíma.

Í nokkrum efnisköflum fer Hjálmar yfir vítt svið og segir m.a. frá aflskipunum miklu í Vestmannaeyjum, strandi Eyjabergs á Faxaskeri og ísingu skipa. Bókin er 98 bls. og prýdd fjölda ljósmynda.



Togskipið Guðmundur Péturs ÍS-1, fyrsta skipið af gerð HRB-42, við komuna til Reykjavíkur. Ljós: Hjálmar R. Bárðarson.



Þrjár af fimm „Dísunum“ svonefndu í smíðum í Skipasmíðastöð Bárðar G. Tómassonar á Torfnesi á Ísafirði í ágúst 1939. Þetta voru 15 brúttólesta sléttúðuð fiskiskip. Frá vinstri til hæri eru Hjördís, Bryndís og Valdís, sem voru sjósettar í desember 1939. Ljós: Hjálmar R. Bárðarson.

Skráning í Mýraboltann hafin

Undirbúningur fyrir Evrópumeistaramótið í Mýrabolta er hafinn af fullum krafti, en keppnin verður að þessu sinni haldin um Verslunarmannahelgina. Jón Páll Hreinsón einn aðstandenda mótsins, segir skráningu í keppnina þegar hafna, en m.a. hafi lið frá Bretlandi skráð sig til leiks. „Það er breskur prófessor í

jarðvísindum sem sendi inn skráningu fyrir sig og lið sitt, en við eigum einnig von í Íslendingaliði frá Danmörku.“ Jón Páll á þó von á því að flestir skrái sig nokkrum dögum fyrir mót, eins og venjan er hjá Íslendingum. Gert er ráð fyrir að um 500 manns taki þátt í Mýraboltanum í ár, en yfir 200 keppendur voru

skráður til leiks í fyrra, í 28 liðum. Mikill metnaður er hjá skipuleggjendum í ár að kynna keppnina vel, enda haldin um mestu ferðahelgi sumarsins. Í ár verður keppnin haldin á tveimur dögum í stað eins áður og hafa mótshaldarar fengið leyfi til að útbúa tvo velli til viðbótar við þá þrjá sem þegar

eru á mótssvæðinu í Tungudal. Þá verður bryddað upp á þeirri nýjung að keppendur geta skráð sig í tvær deildir, skemmtideild og atvinnumannadeild. Þannig geta þeir sem eru fyrst og fremst komnir til að skemmta sér skráð sig í skemmtideildina, en hinir sem taka keppninni alvarlegar geta skráð sig í atvinnumannadeild.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
 Heimasíða: www.fsv.is



Hafraholt 52, Ísafirði
 151 m² einbýlishús úr timbri á tveimur hæðum ásamt sér 32 m² steiptum bílskúr.
22.500.000,-



Drafnargata 11, Flateyri
 Steinsteipt 154 m² raðhús ásamt 39,5 m² stórum bílskúr. Fjögur svefnherbergi.
8.000.000,-



Sölgata 8, Ísafirði
 3-4ra herbergja íbúð á efstu hæð í þrjúbýlishúsi ásamt helmingi kjallara, sér herbergi og geymsla í kjallara, samtals 138 m².
10.300.000,-



Stórholt 9, Ísafirði
 164 m² 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölbýlishúss. Badherbergi endurnýjað.
16.200.000,-




Miðtún 37, Ísafirði
 189 m² steinsteipt endaraðhús á tveimur hæðum, fjögur herbergi, nýlegt bað og eldhús.
19.800.000,-



Mjallargata 1, Ísafirði
 75,6 m² þriggja herbergja íbúð í fjölbýli, sérinnangangur, geymsla í íbúð.
9.500.000,-



Skólastígur 24, Bolungarvík
 140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteypu 1959, fjögur svefnherbergi.
7.200.000,-



Silfurgata 11, Ísafirði
 125 m² fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi.
10.000.000,-



Aðalstræti 22b, Ísafirði
 Samtals 355 m² timburhús á besta stað í bænum. Hægt er að kaupa hverja hæð fyrir sig eða allt húsið.
Tilboð óskast



Aðalstræti 13, Ísafirði
 Samtals 184 m² 4-5 herbergja íbúð í tvíbýli í miðbæ Ísafjarðar, geymslur í kjallara og helmingur bílskúrs fylgir.
15.000.000



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUS STADA VIÐ LEIKSKÓLANN BAKKASKJÓL Í HNÍFSDAL

Leikskólinn Bakkaskjól auglýsir lausa 50% stöðu við leikskólann. Æskilegt er að viðkomandi sé sjálfstæður í vinnubrögðum, hafi frumkvæði, metnað og sé góður í mannlegum samskiptum. Bakkaskjól er einnar deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Einarsdóttir, leikskólastjóri í síma 456 3565, netfanginu bakkaskjól@isafjordur.is



Hagnaður af rekstri Orkubúsins

Hagnaður Orkubús Vestfjarða var á síðasta ári 221,8 milljónir króna á síðasta ári að því er fram kom á aðalfundi félagsins sem haldinn var í síðustu viku. Á fundinum lagði stjórn fyrirtækisins til að hagnaðurinn verði lagður við höfuðstól til að mæta tapi síðustu ára. Í skýrslu Kristjáns Haraldssonar, Orkubússtjóra segir að síðasta ár hafi verið gott í rekstri Orkubúsins og ber þar helst að nefna að hagnaður var af venjubundnum rekstri annað árið í röð þrátt fyrir að hann hafi verið minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá hafi framleiðslugeta virkjana verið yfir meðallagi. Í skýrslu Kristjáns segir að ekki sé hægt að líta fram hjá því að benda á tíðar bilanir í dreifikerfi Landsnets sem ollu raforku-notendum á veitusvæði Orkubúsins verulegum truflunum.

Samkvæmt lögum um skattskyldu orkufyrirtækja er Orkubú Vestfjarða skattskyld frá ársbyrjun 2006. Eftir endurmat fyringa er skattagrunnur varanlegra rekstrarfjármuna 1.203 milljónum króna hærra en bókfært verðmæti þeirra.

Reiknuð tekjuskattsneign er því 217 milljónir króna. Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af venjubundnum rekstri um 5 milljónir króna, en þegar tekið er tillit til tekjuskattsneignar sem nemur um 217 milljónum króna og eru nú tekjufærð, er hagnaðurinn 222 milljónir króna. Afskriftir námu alls 198 milljónum króna. Eignir fyrirtækisins voru 4.891 milljónir króna í árslok 2006 og heildarskuldir 517 milljónir króna. Eigið fé nam því 4.374 milljónum króna sem er um 89,4% af heildarfjármagni.

Í ársbyrjun 2006 var að fullu opnað fyrir samkeppni á raforkumarkaði á Íslandi. Þetta þýðir að allir raforkukaupendur eiga nú val um af hvaða orkusala þeir kaupa raforku. Orkubú Vestfjarða hefur á þessu fyrsta ári fullrar samkeppni einbeitt sér að því að halda markaði sínum á Vestfjörðum en ekki sóst eftir nýjum viðskiptavinum. „Orkuverð frá Orkubú Vestfjarða er í lægri kantinum í samanburði við önnur orkufyrirtæki og ekki er að merkja að við-



Frá aðalfundi Orkubús Vestfjarða.

skiptavinir Orkubúsins yfirgefi fyrirtækið vegna hagstæðari kjara hjá öðrum orkusölum,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Á síðasta ári breytti Alþingi hlutafélagalögum á þann veg

að hlutafélög sem eru að fullu í eigu opinberra aðila skulu kallast opinber hlutafélög og bera skammstöfunina ohf. Orkubú Vestfjarða er 100% í eigu ríkisins og var samþykkt um félagsins breytt á aðal-

fundinum til samræmis við gildandi lög. Í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf., voru kjörin þau Guðmundur Jóhannsson Reykjavík, Þorsteinn Jóhannesson Ísafirði, Halla Signý Kristjánsdóttir Bolungarvík,

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir Tálknafirði og Haraldur V. Jónsson Hólmavík. Guðmundur var síðan kjörinn formaður stjórnar og Þorsteinn varaformaður.

– smari@bb.is

VIÐ ERUM FRAMBJÓÐENDUR YKKAR Í NORÐVESTURKJÖRDÆMI



1 Pálína Vagnsdóttir
athafnakona úr Bolungarvík



2 Sigurður Valur Sigurðsson
ferðamálafræðingur frá Akranesi



3 Sólberg Aida Pétursdóttir
kennari úr Skaqafirði



4 Guttormur Hrafn Stefánsson
bóndi í Skaqafirði



5 Kristján S. Pétursson
nemi frá Ísafirði



www.islandshreyfingin.is

ÍSLANDSHREYFINGIN
lifandi land



LÍFEYRISJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Ávöxtun 17,0% 10% hækkun réttinda

Starfsemi á árinu 2006

(Allar fjárhæðir í milljónum kr.)

Efnahagsreikningur	12/31/2006	12/31/2005
Fasteignir	35	35
Verðbréf með breytilegum tekjum	15,127	12,266
Verðbréf með föstum tekjum	10,536	9,056
Veðlán	360	434
Fullnustueignir	0	24
Kröfur	439	408
Aðrar eignir	61	76
Skuldir	-590	-248
Hrein eign til greiðslu lífeyris	25,968	22,051
Breytingar á hreinni eign:	2006	2005
Iðgjöld	716	670
Lífeyrir	-520	-436
Fjárfestingartekjur	3,783	4,034
Fjárfestingargjöld	-12	-21
Rekstrarkostnaður	-50	-46
Hækkun á hreinni eign á árinu	3,917	4,201
Hrein eign frá fyrra ári	22,051	17,850
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	25,968	22,051
Tryggingafræðileg staða:	2006	2005
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	5,782	4,404
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	28.3%	24.6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	4,184	2,814
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	12.6%	9.6%
Kennitölur:	2006	2005
Nafnávöxtun	17.0%	22.4%
Raunávöxtun	9.5%	17.6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. fimm ár	8.7%	5.9%
Fjöldi starfsmanna	5	5
Fjöldi lífeyrisþega	1386	1324
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	3301	3443

Ávöxtun:

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2006 var 17% sem jafngildir 9,5% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun sjóðsins s.l. Sár er 8,7% og raunávöxtun s.l. 10 ár 6,1%. Nafnávöxtun séreignardeildar á árinu var 19,7 % sem jafngildir 12,3% raunávöxtun. Meðaltal raunávöxtunar deildarinnar frá stofnun er 16,2%.

Hækkun réttinda:

Í ljósi góðrar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans samþykkt að leggja til við ársfund sem haldinn verður 17. maí n.k. á Hótel Ísafirði kl. 14.00 að öll áunnin réttindi sjóðfélaga verði hækkuð um 10 % miðað við stöðu um síðustu áramót.

Stjórn sjóðsins:

Pétur Sigurðsson formaður
Einar Valur Kristjánsson varaformaður

Bjani L. Gestsson
Áslaug Alfreðsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðrún K. Guðmannsdóttir

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Blogg Ólínu Þorvarðardóttur

<http://olinathorv.blog.is/blog/olinathorv/>

Fram kom á fréttavef bb.is í gær að Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði hefði kynnt skýrslu Vestfjarðanefndarinnar um útbætur í atvinnumálum á fundi með Sjálfstæðismönnum daginn áður. Flokksbróðir hans státar sig af þessari kynningu bæjarstjórans á bloggsíðu sinni í dag. Einmitt það. Fyrsta opinbera kynningin sem fram fer á inntaki skýrslunnar fer ekki fram á opnum borgarafundi - ekki á sameiginlegum fundi allra stjórn-málaflokka. Ónei. Fyrsta formlega kynningin þar sem aðstandendur skýrslunnar gefa kost á fyrirspurnum og svörum - hún fer fram á lokuðum fundi Sjálfstæðismanna á Ísafirði. Er hægt að hugsa sér neyðarlegra taktleysi?

Smáauglýsingar

Ég er 13 ára stelpa sem hefur mjög mikinn áhuga á að passa börn! Ef þig vantar pössun í sumar og átt barn 2ja ára eða yngri, endilega hafðu samband við mig, Hælgu Þuríði í síma 848 4866. (Ég er vön).

Rúm, 2x2 m. fæst gefins sé það sótt (á Ísafirði). Uppl. í síma 820 7245.

Árleg blómasala Kvenfélagsins Hlífar er föstudaginn 11. maí.

Til sölu eru átta dekk. Upplýsingar í síma 663 2241 (Tóta).

Til sölu er Subaru Legacy árg. 99, sjálfskiptur, station. Alveg ný sumardekk, átta álfelgur. Mjög góður bíll. Ver kr. 800 þús. Uppl. í síma 897 6293.

Par með tvö börn vantar íbúð til leigu á Ísafirði frá og með 1. júlí. Ræglusöm og auðveld í umgengni. Uppl. gefur Thelma í síma 849 8699.

Til sölu er blár Brio Combi barnavagn árg. 2004. Hægt er að breyta vagninum í kerru sem snúa má á beggja vegu. Vagninn er vel með farinn og aðeins notaður fyrir eitt barn. Burðar-rúm og regnplast fylgir. Uppl. í síma 899 8733.

Til sölu er gervihnattabúnaður af gerðinni Dreambox 7020 ásamt gervihnattadisk. Með fylgir Polarmount og tjakkur. Uppl. í síma 823 1001.

Til sölu er Subaru Legacy, station, árg. 1998, ekinn 129.000 km. Upplýsingar í símunum 456 4361 og 849 7973.

Alpa, silfurlitað strákareihjól í unglíngastærð fannst. Uppl. í síma 456 3060.

Til sölu er Subaru Forrester árg. 2001. Búið að skipta um tímareim og dempara að aftan. Uppl. í síma 456 4028.

Til sölu er Toyota Corolla árg. 1998, sjálfskiptur, ekinn 67 þús. km. Nagladekk á felgum. Einstakur bíll. Upplýsingar í síma 456 7339 og 894 1340.

Til sölu er Renault Clio árg. 93, á kr. 40 þús., gervihnattadiskur ásamt festingu á kr. 5.000 og þvottavél sem fæst gefins. Uppl. í síma 615 4944 og 868 3851.

Nú er hægt að gerast áskrifandi að BB á netinu. Hafði samband í síma 456 4560.

Spurning vikunnar

Hvað ætlar þú að kjósa í alþingiskosningunum 12. maí?

Alls svöruðu 1.018.

Framsóknarflokkinn

sögðu 73 eða 7%

Sjálfstæðisflokkinn

sögðu 299 eða 29%

Frjálslynda flokkinn

sögðu 211 eða 21%

Íslandshreyfinguna

sögðu 67 eða 7%

Samfylkinguna

sögðu 217 eða 21%

Vinstri græna

sögðu 151 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Súkkulaði í öll mál í Les Sables d'Olonne

Í vikunni fyrir páska hélt hópur nemenda úr Menntaskólanum á Ísafirði í ferð til Frakklands, þar sem höfuðborgin margrómaða, París, var heimsótt, auk þess sem dvalið var í um viku tíma í siglingabænum Les Sables d'Olonne. Hópurinn samanstóð af tíu stelpum, sjö strákum og tveimur kennurum, en ferðin var styrkt af verkefninu Evrópa unga fólksins. Brynja Huld Óskarsdóttir fór með í ferðina, en hún er nemandi á fjórða ári við Menntaskólann. Hún segir okkur ferðasögu sína.

„Við áttum flest bókað flug með seinni vél til Reykjavíkur þann 20. mars en þann dag var veður með versta móti. Um hádegið var útséð um að yrði flogið og var þá ákveðið að við færum keyrandi suður til Keflavíkur með rútu. Þá vildi ekki betur til en að tvö snjóflóð féllu á Kirkjubólshlíðina, þannig að við vorum föst hér á Ísafirði. Hlíðin var opnuð seinnipartinn, þegar klukkan var rúmlega fimm og við lögðum þá loksins af stað, orðin frekar stressuð og hrædd um að hreinlega komast ekki í ferðina. Það var brottför frá Keflavík til Parísar snemma um morguninn daginn eftir þannig að við þurftum að keyra beinustu leið til Keflavíkur. Það var hressandi, við vorum um níu tíma á leiðinni suður með rúttunni og biðum svo í nokkra tíma eftir að mega innrita okkur, þannig að einhverjir reyndu að leggja sig á gólfinu. Eftir tíðindalaus flugferð komumst við loksins til Parísar rétt eftir hádegi þann 21. mars, frekar þreytt og dös-uð. Við gistum í þrjár nætur í París, á ágætu hóteli í 8. hverfi Parísar, en það var mjög vel staðsett, aðeins steinsnar frá neðanjarðarlestarstöðinni. Fyrst eftir að við komum á hótelið fengum við smá tíma til að fara í bað, hvíla okkur aðeins og ná áttum, enda búin að vera á ferðalagi í næstum heilan sólarhring. Svo fórum við og skoðuðum Sigurbogann og Eiffeltorninn, þangað sem flestir fóru upp. Það var hífandi rok og mjög kalt, en við létum það auðvitað ekki á okkur fá, enda alveg einstakt að horfa yfir París úr turninum Daginn eftir fórum við á Louvre safnið, þar sem við sáum



Allur hópurinn við Eiffeltorninn í París.

Monu Lisu og öll þessi frægu málverk eftir m.a. Michelangelo og Leonardo DaVinci, sem allir „verða“ að sjá þegar þeir koma til Parísar. Síðan fórum við í Sacré-Cœur kirkjuna, en þaðan er hreint stórkostlegt útsýni yfir alla París. Þetta er risastór hvít kirkja, sem er ótrúlega falleg og íburðarmikil. Svo fórum við auðvitað og

skoðuðum Notre Dame kirkjuna frægu, sem stendur á eyju í ánni Signu. Við fórum í Pompidou nýlistasafnið í París en það er mjög sérstakt safn, ekki síst að utan. Byggingin er alsett rorum og maður tekur rúllustiga upp rörin til að komast inn í safnið og á milli hæða. Það er mjög sérstakt og skemmtilegt en satt

að segja dálítið flókið.

Eftir þessa frábæru dvöl í París fórum við til Les Sables d'Olonne, þar sem við bjuggum hjá frönskum krökkum sem komu til Ísafjarðar síðasta haust. Les Sables d'Olonne er mikill siglingabær á miðri vesturströnd Frakklands. Þetta er sumarabær, og þarna eru margar búðir t.d. aðeins opnar

frá maí til september. Á sumrin tífaldast íbúatalan í bænum. Það er því mikið af sumarhúsabyggingum þarna, sem standa auðar á veturna og ég fór í bíltúra um hluta bæjarinnar þar sem um 100.000 manns búa á sumrin, en stóðu auðir þegar við vorum þarna. Svo má nefna sem dæmi um hversu mikill siglingabær Les

3X Technology fær styrk

Meðal verkefna sem fengu styrk úr AVS – rannsóknasjóði í sjávarútvegi, sem úthlutað var í síðustu viku, var verkefni sem 3X Technology er aðili að er snýr að vinnsluferlum línuveiðiskipa. Albert Högnason framkvæmdastjóri vöruþróunar 3X Technology sagði í erindi sem hann hélt við úthlutun styrkjanna í húsnæði 3X að verkefnið miði að því að auka sjálfvirkni línuveiðiskipa. Vinnsluferlið er skoðað frá upphafi til enda, allt frá því hvernig lína er lögð í sjó og hvernig löndun er best háttáð. Auk 3X standa að verkefninu Matís, Brim, Vísir og Samherji. Verkefnið hlaut 5,6 milljóna króna styrk og er verkefnisstjóri þess Albert Högnason.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðanátt og slydda og Norður- og Austurlandi, en léttskýjað sunnlands. Fremur kalt í veðri. **Horfur á laugardag:** Norðaustanátt og víða rigning eða slydda, en úrkomulítið SV-lands. **Horfur á sunnudag:** Norðaustanátt og víða rigning eða slydda, en úrkomulítið SV-lands. Milt í veðri. **Horfur á mánudag:** Norðaustanátt og víða rigning eða slydda, en úrkomulítið.



Magdalena Margrét Sigurðardóttir og Brynja Huld fyrir utan Louvre safnið.

Sables d'Olonne er, má nefna að þar hefst risastór siglingakeppni, Vendée globe, fjórða hvert ár.

Menningarlega séð var auðvitað frábært að vera í París, en það var alveg einstakt að fá að fara til Les Sables d'Olonne, þar sem við fengum að búa hjá frönskum fjölskyldum, fara með krökkunum í skólann og borða alvöru franskan heimilismat. Mamma og heimilinu sagði við mig í upphafi dvalar, að hún ætlaði að reyna að elda dæmigerðan franskan mat á hverju kvöldi. Ég smakkaði því fullt af réttum þarna úti sem ég hefði aldrei komið til með að smakka hefði ég farið ein til Frakklands. Ég smakkaði t.d. snigla, ostrur og andalífur. Ég var mjög ánægð með fjölskylduna sem ég dvaldi hjá, og ég held að flestir hafi verið það. Það var samt mjög sérstakt að búa heima hjá frönskri fjölskyldu, því venjur þeirra eru ótrúlega ólíkar okkar hér á Íslandi. Ég bjó heima hjá strák sem heitir Joris. Hann vaknaði alltaf klukkan korter í sex á morgnana, þó hann þyrfti ekki að leggja af stað í skólann fyrr en rétt fyrir sjö. Þau eru svo lengi að öllu, borða morgunmatinn sinn t.d. í miklum rólegheitum og spjalla mikið á milli hvers munnbita. Það er ekkert verið að vakna korter fyrir brottför og kasta í sig skál af seríósi, eins og margir gera hér heima. Mamma á heimilinu var alltaf með miklar áhyggjur af mér ef ég var ekki komin á fætur á sama tíma og þau. Ég reyndi auðvitað bara að útskýra fyrir þeim að ég væri von því að gera allt miklu hraðar hér heima og þyrfti því ekki klukkutíma í að borða morgunmatinn. Annað sem okkur

fannst merkilegt þarna úti var hvað er borðað mikið af súkkulaði. Í morgunmat fékk ég súkkulaðimorgunkorn og í nesti voru þrjú súkkulaðistykki, sem ég átti að borða yfir daginn. Joris borðaði stundum sex súkkulaðistykki á dag. Allir aðrir í ferðinni höfðu sömu sögu að segja, það voru flestir komnir með nóg af súkkulaði þegar við komum heim. Ég var ennþá að jafna mig eftir allt súkkulaðiátið um páskana og gat ekki hugsað mér að fá páskaegg.

Ég gat ekki sagt að ég hafi talað frönsku reiprennandi við fjölskylduna sem ég dvaldi hjá, en ég gat bablað eitthvað aðeins. Ef ég hlusta mjög vel á frönskuna get ég skilið flest sem er verið að segja, en ég held ekki uppi neinum almennilegum samræðum. Franskan er auðvitað frekar erfitt tungumál, og þó að það sé kannski ekki sérstaklega erfitt að lesa það, er aðra sögu að segja um að skilja talmálið. Sumir lentu á fjölskyldum sem töluðu ekki orð í ensku og þá þurftu þeir auðvitað bara að bjarga sér með handapati og látbragði. Fjölskyldan sem ég var hjá var alveg þokkaleg í ensku en ég reyndi að tala frekar frönsku, til að æfa mig. Ég held að ég hafi batnað töluvert í frönskunni á þessum tíma, þó hann hafi ekki verið langur. Bara það að hafa frönskuna allt í kringum sig skiptir töluverðu máli. Mig langar líka svo mikið að læra frönsku betur þannig að ég var alltaf að reyna að tala sem mest.

Skólinn sem krakkarnir sem við heimsóttum eru í, er miklu stærri en menntaskólinn hérna á Ísafirði, en hann sækja yfir


1000 nemendur. Stofurnar í skólanum voru heldur verr búnar en við eigum að venjast. Það heyrir til undantekninga að skjávarpar séu til staðar, en í staðinn er ennþá notast við myndvarpa. Það var aðeins í „tæknistofunum“ sem voru skjávarpar. Mér fannst mötuneytið þeirra einnig heldur óvenjulegt, og ekki mjög spennandi. Í hádegismat er yfirleitt einhver linsubaunahraera, borin fram með smávegis af grænmeti og svo er fullt af hvítu brauði með þessu. Ávextir voru sjaldan borðaðir nema með nokkrum skeiðum að sykri með.

Frakkarnir sem komu í heimsókn til Íslands þurftu að vinna heilmikil verkefni um heimsókn sína. Þau skiluðu löngum ritgerðum, fluttu fyrirlestur og vörðu verkefnið sitt síðan á ensku. Ég get ímyndað mér að það hafi reynst þeim erfitt þar sem fæstir voru sleipir í enskunni. Ég hjálpaði Joris með verkefnið hans og fékk hann auka stig fyrir það. Skólinn þeirra er mjög strangur, miklu strangari en við eigum að venjast og t.d. er um 6000 króna sekt fyrir að reykja á skólalóðinni, þó að reykningar séu frekar algengar í Frakklandi.

Við vorum ekki með frönsku krökkunum í skólanum allan tíman, ég fór t.d. bara fjórum eða fimm sinnum í tíma og sat heila kennslustund. Það kom líka í ljós að sumir kennaranna voru ekkert allt of hrifnir af því að hafa okkur í tímum og fannst við bara trufla kennsluna. Við vorum því oft að skoða söfn í bænum, heimsækja nágrannabæi eða vinna verkefni, á meðan frönsku krakkarnir voru í skólanum.

Á kvöldin hittumst við á ströndinni, fórum í keilu, á diskótek og kíktum eitthvað út. Það setti hinsvegar strik í reikninginn að Frökkunum fannst betra að skipuleggja allt fram í tímann. Þannig þurfti að ákveða með tveggja daga fyrirvara að fara á McDonalds eitt kvöldið. Þeim fannst voða erfitt að drífa bara í að hittast og gera eitthvað, allt varð að vera ákveðið fyrirfram. Þegar Frakkarnir voru hér á Íslandi fannst þeim þannig stórmerkilegt að við skyldum kannski ákveða eftir kvöldmat, að skella okkur í biltúr yfir á Suðureyri. Þetta er samt kannski ekki skritið, líf þeirra er í miklu fastari skorðum en okkar hér á Ísafirði. Það er vaknað klukkan 06:00 og farið í skólann. Honum lýkur klukkan 17:00 og þá er farið heim, borðað kvöldmat, en það er alltaf svo mikil athöfn að oft er matartímanum ekki lokið fyrr en klukkan 23:00 og þá er kominn tími til að fara í háttinn. Auðvitað reyndu Frakkarnir að brjóta þetta upp þegar við komum til þeirra, hittast og gera eitthvað með okkur, en venjulega hittast vinir og félagar bara um helgar, og í skólanum auðvitað, en ekki á kvöldin eins og hér. Það tíðkast samsagt ekki að fara á rúntinn í Frakklandi.

Mig langar mikið til að fara aftur til Frakklands og vera þá í lengri tíma og læra frönsku. Ég hugsa að ég skelli mér eftir að ég útskrifast úr MÍ, fari þá í einhvern háskóla í Frakklandi, sem kennir frönsku fyrir útlendinga. Ég er reyndar ekki að stressa mig neitt allt of mikið á að fara í háskóla strax, mig langar að gera svo margt áður, en ég stefni til Frakklands, þegar að því kemur.



Sælkerar vikunnar eru Nína Dís Ólafsdóttir og Magnús Salvarsson á Ísafirði

Pestó kjúklingur og ísterta

Sælkerar vikunnar bjóða upp á pestó kjúkling í aðalrétt sem er suðrænn og seiðandi og jafnframt einfaldur í matreiðslu. Í eftirrétt er svo fersk og sumarleg ísterta. Óhætt er að segja að þessi matseðill henti vel með hækandi sól.

Pestó kjúklingur

4-5 stk kjúklingabringur
1 lítill krukka af fetaosti
1 lítill krukka af grænu pestó

Fituhreinsið bringurnar og leggið þær í eldfast mót. Hellid pestóinu og fetaostinum yfir bringurnar og makið vel á bringurnar. Látið inn í ofn við 200°C í klukkutíma. Hrærið

vel í sósunni áður en boðið er gestum. Gott að bera fram með salati og hrisgrjónum. Njótið

Ísterta

10 stk bananar
3/4 dós frosið appelsínuþykkni frá McCain
1/2 l þeyttur rjómi eða soja rjómi

Setjið banana og appelsínuþykknið í blandara og blandið vel saman. Hellið blöndunni í form, blandið þeytta rjómanum varlega saman, frystið.

Við skorom á Jón Hauk Ólafsson á Ísafirði til að vera næsti sælkeri vikunnar.



ÍSAFJARÐARBÆR

HÚSVÖRÐUR VIÐ GÍ

Leitað er eftir laghentum manni til að hafa umsjón með húsnæði og tækjum Grunnskóla Ísafjarðar og skólalóð. Húsvörður sinni m.a. minniháttar viðhaldi, er í samkiptum við iðnaðar, menn, verkefnastjóra hjá Ísafjarðarbæ o.fl., eftir aðstæðum.

Húsvörður skipuleggur störf skólaliða og hefur því yfirumsjón með ræstingu og gæslu. Húsvörður þarf að eiga gott með að umgangast börn og eiga gott með að vinna í fjölmennum hópi starfsmanna.

Góð almenn menntun er nauðsynleg svo og hagnýt iðnmenntun.

Umsóknum skal skila til skólustjóra sem veitir frekari upplýsingar um starfið fyrir 1. júní nk.

Skólustjóri.

Augljósar samgöngubætur

XD

Nýtum sóknarfærin!

Augljósar umbætur hafa átt sér stað í samgöngumálum á Vestfjörðum. Slíkur árangur er ekki sjálfgefinn en traust efnahagsstjórn hefur lagt grunninn að stóruknum framlögum til vegagerðar í kjördæminu. Sjálfstæðismenn vilja halda áfram á þeirri braut.

- Á næstu fjórum árum verður tæplega **10 milljörðum varið** til vegagerðar á Vestfjörðum.
- Árið 2008 hafa **9,2 milljarðar** verið lagðir til vegamála umfram áætlanir ársins 2003.
- Vegaf framkvæmdir á Vestfjörðum síðasta áratuginn hafa skapað **275 störf**.
- Í kjördæminu hafa **78 brýr** verið endurbyggðar eða skipt út fyrir ræsi á kjörtímabilinu.



Fylgstu með baráttunni á www.nordvesturland.is